


skoðun 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt








# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
24. ágúst 2011
196. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Eflir menningarstarf á Vestfjörðum

*Jón Jónsson hlýtur samfélagsviðurkenninguna Landstólpann.*

tímamót 18

## Hætt í Kastljósinu

*Ragnhildur Steinunn snýr sér að öðrum verkefnum.*

fólk 34



## Skoski bjargvætturinn

*Tekst Steven Lennon að bjarga Frömurum frá falli í 1. deild í knattspyrnu?*

sport 30

### veðrið í dag




**VÆTA A-TIL** Í dag verður NA-átt víða 5-10 m/s en hvassara NV- og SA-til. Væta A-lands og með SA-stöndinni. Skýað að mestu en eitthvað léttara yfir SV-lands. Hiti 7-15 stig.

VEÐUR 4

# Lokkar hrefnuna af leið

**Hrefnan leitar í auknum mæli í makrílinn sem fer hratt yfir. Veldur það hrefnuveiðimönnum erfiðleikum. Marinerað hrefnukjöt er vinsælasti grillmaturinn í verslunum Kaupáss og selst einnig vel á veitingastöðum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Svo virðist sem hrefnan hafi breytt matarvenjum sínum. Það kemur hrefnuveiðimönnum í bobba, en þeir finna hana ekki lengur á þeim slóðum þar sem hún hefur haldið sig síðustu ár.

Mikið liggur við að finna hrefnuna, að sögn Gunnars Bergmanns Jónssonar, framkvæmdastjóra Hrefnuveiðimanna, því eftirspurnin eftir hrefnukjöti er mikil hér á landi.

„Við höfum séð þegar við opnun hrefnuna að hún er full af makríl," útskýrir Gunnar. „Og eins og við vitum þá er makríllinn á mikilli hreyfingu og hrefnan virðist vera að elta hann sem gerir okkur erfiðara fyrir að finna hana."

Áður var á vísan að róa á Faxaflóa en nú ætla hrefnuveiðimenn að leita hrefnunnar á Breiðafirði.

Magnús Gunnþórsson, skipstjóri á hvalaskoðunarskipinu Eldingu, segist oft hafa ratað á hrefnuna en hún sé á mikilli hreyfingu.

Ólafur Júlíusson, innkaupastjóri Kaupáss, segir hrefnukjötið seljast í tonnavís í verslunum fyrirtækisins. Hann segir það hafa fest sig í sessi sem úrvals grillkjöt. „Það sést best á því að ef við tökum aðeins einstaka vöruliði hjá okkur í grillmat þá er marineraða hrefnukjötið vinsælasti vöruliðurinn," segir hann. „Inni í því er ekki salan á hrefnukjöti sem við erum með í kjötborðinu hjá okkur."

Hrefnukjötið hefur einnig selst vel á veitingastöðum að sögn Gunnars. Elísabet Jean Skúladóttir, rekstrarstjóri Sægreifans, segir að á síðustu þremur árum hafi salan á hrefnukjöti nær þrefaldast. „Það eru mest erlendir ferðamenn sem fá sér hrefnukjöt en þó hef ég tekið eftir því að í sumar fór það líka að færast í aukana hjá Íslendingum," segir hún. Hún segir enn fremur að það sé mikið um að fólk komi úr hvalaskoðun og fái sér hrefnukjöt.

- jse

### Engin stórhveli veidd í ár

Forsvarsmenn Hvals hf. hafa ákveðið að hefja ekki hvalveiðar í ár þótt heimilt sé að veiða 150 langreyðar á þessari vertíð. „Ástandið í Japan er þannig að það er ekki grundvöllur fyrir neinni sölu," segir Gunnlaugur F. Gunnlaugsson, verkstjóri í Hvalstöðinni í Hvalfirði.

Hann segir þetta mikið áfall en undanfarin sumur hafa yfir 200 manns unnið þar við veiðar og vinnslu. Nú starfa um fimmtán til tuttugu manns við Hvalstöðina en verulega mun fækka í þeim hópi um næstu mánaðamót.



**FARINN ÚR FRAMSÓKN** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, bauð Guðmundi Steingrímssyni upp á kaffi þó að þingmaðurinn hefði sagt skilið við flokkinn í gær. Sjá síðu 8

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslensk tíska til Parísar:

## Fimm hönnuðir á tískuvikuna

**FÓLK** „Ég fer út með bjartsýnina að vopni og vonast til að næla mér í nokkra viðskiptavini," segir Rebekka Jónsdóttir fatahönnuður en hún, ásamt forsvarmönnum íslensku merkjanna Kalda, Eygló, Shadow Creatures og Helicopter, er á leið í fyrsta sinn á tískuvikuna í París.



REBEKKA JÓNSDÓTTIR

Tískuvikan stendur frá 27. september til 5. október og er einn af stærstu tískuviðburðum í heiminum. Helstu hönnuðir heims sýna þar sumarlínur sínar fyrir árið 2012.

Rebekka hannar undir merkinu REY og hefur farið einu sinni á tískuvikuna í New York. „Þar fékk ég margoft að heyra að fatnaðurinn ætti frekar heima í París."

- áp / sjá síðu 34

Harður jarðskjálfti fannst víða á austurströnd Bandaríkjanna:

# Byggingar rýmdar í Washington

**BANDARÍKIN** Flestar helstu stjórnarbyggingar Bandaríkjanna í Washington og nágrenni voru rýmdar þegar sterkur jarðskjálfti varð í Virginíu rétt fyrir klukkan sex síðdegis að íslenskum tíma í gær. Skjálftinn mældist 5,9 stig. Upptökin voru á sex kílómetra dýpi tæplega 60 kílómetra suðvestur af Washington. Ekki bárust fréttir af manntjóni og litlar skemmdir virðast hafa orðið.

„Við stóðum upp og húsið skókst í nokkrar sekúndur. Síðan var það rýmt," segir Skafti Jónsson, sendiráðunautur í Washington. „Fólk hélt samt ró sinni."

Víða greip um sig skelfing og óttuðust margir að hryðjuverkamenn hefðu gert árás.

„Ég var uppi á 44. hæð á hótelinu sem ég vinn á þegar ég sá rúðurnar bylgjast," sagði hinn 27 ára gamli Magnús Jónsson, sem er hótelstjóri á NYC-JC-hótelinu í New Jersey-ríki, í samtali við Vísi.

„Það var ekki fyrr en ég sá fólk hlaupa niður sem það hvarflaði að mér að eitthvað alvarlegt hefði átt sér stað. Það var þá sem ég hugsaði að það hefði orðið hryðjuverk."

- gb


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meira umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1




Muu
betri hugmynd!

## SPURNING DAGSINS



*Mugison, á bara að stinga af?*

„Já, lagið var einmitt samið til þess að búa Vestfirðinga undir brotthvarf mitt.“

Ísfirðingurinn Mugison, eða Örn Elías Guðmundsson, er fluttur á mölina en lagið hans „Stingum af“ er eitt það vinsælasta í dag.

Leikskólakennarar taka nýjum samningi vel og greiða atkvæði 9. september:

# Formaður telur samþykkt vísa

**KJARAMÁL** „Það kæmi mér mjög mikið á óvart ef samningarnir yrðu ekki samþykktir,“ segir Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, sem í gærkvöld kynnti félagsmönnum sínum nýjan kjarasamning við sveitarfélög.

Haraldur segir að komið hafi verið til móts við mikilvægustu kröfu leikskólakennara, sem sé að minnka launamun milli grunnskólakennara og leikskólakennara.

Haraldur segir að samningnum hafi almennt verið mjög vel tekið. Samningurinn verður birtur í heild sinni inni á vef Kennarasambands Íslands fyrir mánaðamót og kosið verður um hann fyrir 9. september. Samþykki leikskólakennarar samninginn fá þeir um sjö prósenta launahækkun strax. Launin munu síðan hækka í þrepum. Samningurinn er sagður fela í sér launahækkun til samræmis við laun viðmiðunarstétta. Leikskólakennarar kröfðust þess að laun þeirra hækkuðu nægilega mikið til að þau yrðu sambærileg við laun grunnskólakennara.



**HARALDUR FREYR GÍSLASON** Formaður Félags leikskólakennara segir nýjum samningi almennt hafa verið mjög vel tekið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mælingar Vegagerðarinnar:

# 9% samdráttur á helgarumferð

**SAMGÖNGUR Umferð til og frá höfuðborginni um hringveginn síðustu helgi var níu prósentum minni en um sömu helgi í fyrra.**

**Þetta kemur fram á vef Vegagerðarinnar.**

**Mun meiri samdráttur varð í ferðum austur fyrir fjall, eða um tólf prósent, en umferð í norðurátt dróst saman um 4,5 prósent.**

**Það sem af er sumri hefur helgarumferð á hringveginum út frá höfuðborgarsvæðinu dregist saman um fimm prósent.**

- þj

Fimmtug til vandræða á hjóli:

# Full kona hrækti á lögreglumenn

**LÖGREGLUMÁL Kona um fimmtugt var stöðvuð í miðborginni um helgina þar sem hún var á reiðhjóli.**

**Konan varð afar ósátt við laganna verði, hreytti út úr sér fúkyrðum og hrækti á þá. Hún var því látin blása í áfengismæli og staðfesti niðurstaðan grunsemdir lögreglu um að konan væri með öllu ófær um að vera á reiðhjóli.**

**Hún var því næst flutt á lögreglustöð en síðan sleppt fljótlega úr haldi þegar hún hafði róast. Fór konan þá sína leið fótgangandi.**

Réttað yfir Brynjari í Taílandi:

# Sat í varðhaldi ytra í allt sumar

**DÓMSMÁL** Réttarhöld eru hafin í Bangkok í Taílandi yfir Brynjari Mettinissyni vegna gruns um aðild að fíkniefnasmygli í vor.



**BRYNJAR METTINISSON**

Brynjar, sem er 25 ára, var handtekinn við annan mann í maí og hefur síðan þá setið í varðhaldi ytra á meðan hann hefur beðið réttarhaldanna. Ekki liggur fyrir hvenær dómur fellur. Brynjar mun frá því að hann var handtekinn hafa haldið fram sakleysi sínu.

Talið er að Brynjar geti hlotið þungan dóm verði hann fundinn sekur.

- jab

## LÖGREGLUMÁL

### Bílvelta á Arnarbakka

Ungur ökumaður ók á ljósastaur og velti bifreið sinni á Arnarbakka í Reykjavík klukkan rúmlega átta í gærkvöld. Götunni var lokað meðan ítarleg rannsókn var gerð á slysstaðnum.



**VESTMANNAEYJAHÖFN Í GÆR** Maðurinn var hífður upp úr lestinni og var þá kominn til meðvitundar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Rétt viðbrögð vinnufélaga skiptu sköpum

**Maður var hætt kominn þegar hann missti meðvitund í lestinni á Álsey VE sem var að landa makríl í Vestmannaeyjum. Slökkviliðsstjóri segir hárrétt viðbrögð vinnufélaga hafa skipt sköpum. Þetta er annað svona slysið í Eyjum á árinu.**

**SLYS** Starfsmaður löndunarþjónustu var hætt kominn í gærmorgun þegar hann var við vinnu í uppsjávarveiðiskipinu Álsey VE. Hann missti meðvitund í lest skipsins en skjót viðbrögð vinnufélaga mannsins, skipverja og björgunarfólks skiptu sköpum.

Lögreglan í Vestmannaeyjum fékk tilkynningu um vinnuslys um borð í Álsey rétt fyrir klukkan ellefu. Starfsmaður sem var við löndun á makríl úr skipinu hafði misst meðvitund eftir stutta viðdvöl í lest skipsins.

Vinnufélagar mannsins brugðust skjótt við og komu neyðargrímu á meðvitundarlausan félaga sinn. Maðurinn komst fljótlega aftur til meðvitundar. Lögregla og slökkvilið höfðu mikinn viðbúnað og var maðurinn hífður upp úr lestinni og í land.

Vinnufélagi mannsins sem kom neyðargrímunni til hans hafnaði því alfarið að greina frá slysinu þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær og sagði það eitt skipta máli að félagi hans hefði sloppið heill.

Stefán Jónsson, aðstoðarslökkviliðsstjóri í Vestmannaeyjum, segir engan vafa leika á því að skjót viðbrögð vinnufélaga mannsins hafi skipt sköpum. „Þetta fór betur en á horfðist. Félagar mannsins voru afar fljótir að bregðast við og komu til hans súrefni.“

Stefán segir eðlilegt að hafa mikinn viðbúnað við viðburð sem þennan. „Það er engin áhætta tekin við útkall eins og þetta.“

Jóhannes Ólafsson, yfirlögregluþjónn í Vestmannaeyjum, segir að þrátt fyrir að um annað slysið á stuttum tíma sé að ræða þá megi ekki lesa mikið í það. Starfsmenn við löndunarþjónustu í Eyjum séu þaulvanir menn sem vita betur en aðrir hvaða hættur geti verið starfi þeirra samfara. Hér hafi verið um hreint óhapp að ræða sem ekki var hægt að afstýra. Eins sé allur búnaður við hendina ef óhöpp sem þessi verða.

Maðurinn var fluttur á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja til aðhlynningar. Hann fékk að fara heim í gær eftir stutta dvöl á sjúkrahúsinu. svavar@frettabladid.is

# Gunnar Dal látinn

Gunnar Dal, heimspekingur og rithöfundur, lést á Landspítalanum í Reykjavík aðfaranótt mánudags. Gunnar var 88 ára, fæddur 4. júní 1923 í Syðsta-Hvammi í Vestur-Húnavatnssýslu. Foreldrar hans voru Sigurður Davíðsson kaupmaður og Margrét Halldórsdóttir.



**GUNNAR DAL**

Gunnar lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík og stundaði því næst heimspekinám í Edinborg í Skotlandi, Kalkútta á Indlandi og í Wisconsin í Bandaríkjunum.

Eftir Gunnar liggur fjöldi ritverka, ljóða, skáldsagna og þýðinga. Hann var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 fyrir ritstörf og framlag til menningar.

Eiginkona hans, Elísabet Lilja Linnet er látin. Fyrri eiginkonur hans voru Pálína Guðvarðardóttir og María Sigurðardóttir. Hann eignaðist þrjú börn og átti fjögur stjúpbörn.

Endurbætur á D´Angleterre:

# Húsbúnaður boðinn upp

**DANMÖRK** Rúmlega 2.000 húsgögn og munir af D´Angleterre-hótelinu í Kaupmannahöfn verða seld á uppboði á föstudag. Aðeins um tíu prósent húsbúnaðarins á hótelinu verða eftir að loknum endurbótum á því.

Búist er við því að um tvær til þrjár milljónir danskra króna fáist fyrir munina sem verða boðnir upp. Hundruð milljóna verða hins vegar sett í endurbæturnar á hótelinu, sem áætlað er að verði lokið á næsta ári.

- þeb


15% afsláttur

af öllum pakkningastærðum af Nicorette fruitmint



2 mg 210 stk.
Nú kr. 4.278.-

Tilboðið gildir til 20. september n.k.

SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholti 50b - Sími 551 7234 - Opið mánudaga - föstudaga kl. 9-18


Dómstóll í New York fellir niður ákærur á hendur Dominique Strauss-Kahn:

# Saksóknari trúir ekki þernunni

**BANDARÍKIN, AP** Dominque Strauss-Kahn, fyrrverandi yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, er laus allra mála í New York og gekk frjáls maður út úr dómhúsi í gær.

Dómari felldi niður málið gegn honum, sem höfðað var eftir að hótelþerna sakaði hann um að hafa gert tilraun til að nauðga sér í maí síðastliðnum.

Dómarinn fór þar að ósk saksóknara málsins, sem taldi engan grundvöll fyrir málshöfðun eftir að trúverðugleiki þernunnar hafði verið dreginn í efa. Saksóknarinn hafði upphaflega sagt sterk sönnunargögn liggja fyrir í málinu, en komst síðar að þeirri niðurstöðu að þótt erfðaefnisrannsókn sýni að sæði úr Strauss-Kahn hafi verið á fötum hennar þá sanni það ekki að hann hafi þvingað þernuna til samræðis. Þernan fór fram á að sérstakur saksóknari yrði skipaður í málinu, en því var einnig hafnað af dómara í New York í gær.

Strauss-Kahn var handtekinn vegna málsins þann 14. maí og hafður í viku í fangelsi, en hefur síðan verið í New York með eftirlitsbúnað og þurft að gera grein fyrir sér daglega hjá lögreglu.

- gb



**FRJÁLS MAÐUR** Dominque Strauss-Kahn gengur út úr dómhúsinu í New York ásamt eiginkonu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




## Takk fyrir þátttökuna!

**12.481** tóku þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka á laugardaginn var. Aldrei hafa jafn margir hlaupið og Íslandsbanki óskar öllum til hamingju með frábæran árangur.

Við þökkum einnig öllum sem lögðu góðu málefni lið á hlaupastyrkur.is. Alls söfnuðust **43.654.858 kr.**, sem er rúmlega **þriðjungi meira** en í hlaupinu í fyrra.

**Sjáumst á næsta ári.**

Íslandsbanki

*– Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997*

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-0733

## GENGIÐ 23.08.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,84 | 113,38 |
| Sterlingspund | 186,53 | 187,43 |
| Evra | 164,27 | 163,81 |
| Dönsk króna | 21,923 | 22,051 |
| Norsk króna | 20,876 | 20,998 |
| Sænsk króna | 17,929 | 18,035 |
| Japanskt jen | 1,4729 | 1,4815 |
| SDR | 182,03 | 183,11 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,6749

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þrír framhaldsskólar nota frjálsan hugbúnað og tveir ætla að gera slíkt hið sama:

# Vilja auka jöfnuð meðal nemenda

**MENNTAMÁL** Á komandi skólaári munu fimm framhaldsskólar styðjast nær eingöngu við frjálsan hugbúnað í starfi sínu. Þetta kemur fram í tilkynningu frá menntamálaráðuneytinu.

Menntaskólinn í Reykjavík mun frá upphafi nýs skólaárs nota nánast eingöngu frjálsan hugbúnað og stefnir Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum á að fara sömu leið frá og með áramótum.

Fyrir eru Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Tröllaskaga og Verkmenntaskólinn á Akureyri sem nota að mestu leyti frjálsan hugbúnað. Auk þess hefur notkun frjáls hugbúnaðar aukist mikið í öðrum framhaldsskólum landsins.

Meginmarkmið skóla með innleiðingu frjáls hugbúnaðar er aukinn jöfnuður og hagkvæmni í rekstri. Með innleiðingu frjáls hugbúnaðar er jöfnuður á meðal nemenda og starfsmanna tryggður þar sem allir hafa aðgang að sama hugbúnaði án endurgjalds, að því er segir í tilkynningu frá ráðuneytinu.

Undanfarin ár hefur menntamálaráðuneytið hvatt framhaldsskóla til að innleiða fjálsan hugbúnað. **- kh**



**MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK** Frá og með nýju skólaári mun MR nota frjálsan hugbúnað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Víðáttufælin kona í Svíþjóð:

# Sveitarfélagið borgi rafmagn

**SVÍÞJÓÐ Dómstóll í Svíþjóð hefur úrskurðað að kona í Strängnäs eigi rétt á því að sveitarfélagið greiði hluta af rafmagnsreikningi hennar. Konan er með víðáttufælni og félagsleg samskipti hennar eru þess vegna á netinu. Við það hækkaði rafmagnsreikningur konunnar í að minnsta kosti tvo mánuði.**

**Félagsmálayfirvöld höfðu hafnað beiðni konunnar og bentu á að margir aðrir gætu haldið því fram að þeir þyrftu á slíkri aðstoð að halda.** **-ibs**



**KRÖFÐUST AÐGERÐA** Nemendur Kvikmyndaskólans kröfðust aðgerða til bjargar skólahaldinu í menntamálaráðuneytinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ný áætlun í kvikmyndaskóla:

# Skólahald byrji 4. nóvember

**MENNTAMÁL** Stjórn Kvikmyndaskóla Íslands segir að það sem ljóst má telja að ekki náist samningar við mennta- og menningarmálaráðuneytið að svo stöddu, verði formlegu skólahaldi frestað til 4. nóvember 2011. Skólasetning verði hins vegar á föstudag.

Hópur nemenda úr Kvikmyndaskólanum kom sér fyrir í húsnæði menntamálaráðuneytisins og kröfðust aðgerða til bjargar skólahaldinu.

Svandís Svavarsdóttir, settur menntamálaráðherra, sagðist í samtali við ríkissjónvarpið í gærkvöldi telja kröfur eigenda skólans um aukin fjárframlög umfram það sem ráðuneytið hefur þegar boðið til viðbótar vera „frekju“. **- gar**

## LÖGREGLUMÁL

### Veggjakrot í skóla

Lögreglunni í Vestmannaeyjum var nýverið tilkynnt um veggjakrot á Barnaskóla Vestmannaeyja. Á eftirlitsmyndavélum sést hverjir voru þar að verki. Um er að ræða unga drengi og var málið tilkynnt til félagsmálayfirvalda.

# Fundu hafstraum sem gæti breytt loftslagskenningum

**Íslenskir haffræðingar hafa uppgötvað djúpstraum í landgrunnshlíðinni norðan Íslands. Vitneskjan er talin skipta miklu máli í samhengi við hlýnun jarðar og kenningar um veðurfar á norðurslóðum í framtíðinni.**

**VÍSINDI** Uppgötvun tveggja íslenskra haffræðinga hefur vakið alþjóðlega athygli þar sem hún er talin skipta máli í samhengi við loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar. Um er að ræða djúpstraum sem mælst hefur yfir landsgrunnshlíðinni norðan Íslands. Þessi straumur var rannsakaður fyrst og honum lýst af sérfræðingum Hafrannsóknastofnunarinnar, þeim Steingrími Jónssyni, sem jafnframt er prófessor við Háskólann á Akureyri, og Héðni Valdimarssyni.

Undanfarin ár hafa farið fram nokkrar athuganir á þessum straumi bæði á bandarískum og íslenskum rannsóknaskipum í samstarfi sérfræðinga Hafró og Woods Hole, einnar virtustu hafrannsóknastofnunar Bandaríkjanna. Á mánudag lagði í haf frá Reykjavík rannsóknaskipið Knorr frá Woods Hole. Leiðangurinn tekur um mánaðartíma og verður straumurinn, sem kallaður er Norður-Íslands djúpstraumurinn (e. North Icelandic Jet), kortlagður af meiri nákvæmni og uppruna hans leitað.

Steingrímur segir að þekkt sé svokölluð hita-seltuhringrás í hafinu sem hefur verið líkt við færiband. Hlýr sjór streymir norður þar sem hann kólnar og sekkur. Þá myndast djúpsjór sem flæðir aftur suður eftir botninum þar sem hann að lokum nær til yfirborðsins og hitnar aftur. Þessi hringrás stjórnar miklu um veðurfar í heiminum og kenningin er að með veikingu þessa færibands í hafinu muni veðurfar á norðurslóðum fara kólnandi, en hlýnun jarðar er talin geta raskað þessu jafnvægi.




> Það er verkefni næstu ára að fullgera þessa mynd.
>
> **STEINGRÍMUR JÓNSSON**
> PRÓFESSOR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Ástæðan er í stuttu máli áhrif af bráðnun Grænlandsjökuls. Ferskt vatn breytir eiginleikum sjávarins þannig að hann verður eðlisléttari vegna minni seltu, sekkur því ekki og stöðvar færibandið.

Steingrímur útskýrir að djúpstraumurinn nýi breyti þessari mynd og þar með kenningum um áhrif loftlagsbreytinga á norðurslóðum. Í því liggi mikilvægið og skýri áhuga Bandaríkjamannanna. Talið er hugsanlegt að tilvist djúpstraumsins við Ísland þýði að hitaseltuhringrásin sé ekki eins viðkvæm fyrir bráðnun jökulsins. Þá er einnig mikilvægt að tveir djúpsjávarstraumar, en ekki einn (Austur-Grænlandsstraumurinn, sem er löngu þekktur), eru virkir sem



**STEINGRÍMUR JÓNSSON**



**HÉÐINN VALDIMARSSON**

gæti dregið úr áhrifum bráðnandi jökla.

### Margt enn óþekkt

Spurður um tilurð þess að djúpstraumurinn uppgötvaðist segir Steingrímur að upphaflega hafi það byggst á grúski í gömlum gögnum sem gáfu það til kynna að straumbandið lægi við landgrunnið.

„Svo höfum við verið á að fá staðfestingu á þessu á undanförnum árum með mælingum, bæði Hafrannsóknastofnunar og í samstarfi við Woods Hole. Núna er það hins vegar í fyrsta skipti sem straumurinn verður mældur yfir langt tímabil.“

Steingrímur segir að djúpstraumurinn liggi yfir landgrunnshlíðinni Íslandsmegin norðan Grænlandssunds.

„Fyrst sáum við þetta út af Vestfjörðum en vitum núna að það er hægt að rekja djúpstrauminn allt austur að Langanesi. Hvar hann á endanleg upptök sín er ekki vitað enda margt sem er óþekkt enn þá. Það er verkefni næstu ára að fullgera þessa mynd.“

**svavar@frettabladid.is**

HÓPKAUP.IS Í DAG

COLOSSAL VOLUM EXPRESS maskari frá Maybelline

790 kr. GILDIR 24 TÍMA

Verð 1.925 kr. | Afsláttur 59% | Afsláttur í kr. 1.035 kr.

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið

Frábær Colossal Volum Express vatnsheldur maskari frá Maybelline á aðeins **790 kr.** (kostar 1.925) eða Colossal Volum Express, Diamond Black maskari frá Maybelline á **990 kr.** (kostar 1.950)

www.zebrashop.is

HÓPKAUP í krafti fjöldans

ZEBRA cosmetique

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA



## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNANDI** Skýjað að megninu til í dag en birtir til að nokkru leyti á morgun. Væta austanlands í dag og lítils háttar væta þar næstu daga. Lítið eitt kólnandi veður á landinu.



**Á MORGUN** víða 5-10 m/s, hvassara A-til.

**FÖSTUDAGUR** víða 5-10 m/s, hvassara A-til.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 32° |
| Basel | 32° |
| Berlín | 29° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 30° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 22° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 27° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 15° |
| París | 24° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




# MILLJÓNA VELTAN

Nú er vinningurinn **50 milljónir** á einn miða!
Í hverri **Milljónaveltu** drögum við að auki út **5 stakar milljónir** aðeins úr seldum miðum. **Vertu með!**

Vinningurinn í Milljónaveltunni **hefur aldrei verið hærri**.
Nú hlýtur að vera komið að þér!

## EINN MIÐI TVEIR LEIKIR

í mánuði, fyrir aðeins 1.100 krónur

**Aðalútdráttur**
hefur aldrei verið glæsilegri!

Vinningshafar eru um 3.000
í hverjum mánuði.



Drögum 13. september

**Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11
eða hjá næsta umboðsmanni.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 112064

HÁSKÓLI ÍSLANDS 1911-2011

Háskóli Íslands fagnar nú hundrað ára afmæli sínu. Happdrættið er í eigu Háskóla Íslands og öllum hagnaði af rekstri þess hefur frá upphafi verið varið til uppbyggingar hans.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGS

**KJÖRKASSINN**



*Á að taka tillit til stofna laxfiska við gerð vatnsfallsvirkjana?*

| | |
|---|---|
| Já | 58,5% |
| Nei | 41,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er þörf á nýjum flokki á miðju stjórnmálanna?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Kona sem talin er hafa skilið barn sitt eftir í ruslagámi hefur enn ekki gengist við því að hafa alið það:

# Barnið átti grunlausan blóðföður á Íslandi

**LÖGREGLUMÁL** Niðurstöður DNA rannsóknar hafa leitt í ljós að sveinbarn sem litháísk móðir skildi eftir nýfætt og andvana í ruslageymslu við Hótel Frón í júlí í sumar átti blóðföður hér á landi, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Faðirinn og móðirin bjuggu saman heima hjá föður hans um skeið eftir að hún kom til Íslands frá Litháen í október á síðasta ári, en slitu síðan samvistir. Faðir barnsins hafði ekki grun um að konan væri barnshafandi fremur en aðrir sem umgengust hana. Hún hefur enn ekki gengist við því að hafa alið barnið.

Það var laugardaginn 2. júlí sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann nýfætt andvana sveinbarn, sem komið hafði verið fyrir í plasti þar sem það var ekki fyrir sjónum manna í ruslageymslu við áðurnefnt hótel.

Rúmlega tvítug kona hafði skömmu áður fengið aðstoð á Landspítala vegna mikilla blæðinga. Þar töldu læknar að hún hefði fætt barn skömmu áður eða á síðasta sólarhring, þrátt fyrir að hún segðist ekki kannast við að hafa verið ófrísk. Hún hafði unnið sem herbergisþerna á umræddu hóteli og mun hafa fætt barnið þar.

Lögregla taldi ljóst að barnið hefði verið á lífi og heilbrigt þegar það fæddist og er konan ein talin bera ábyrgð á andláti þess.

Konan var úrskurðuð í gæsluvarðhald og til að sæta geðrannsókn. Hún sætir farbanni til 1. september. **- jss**



**FRÁ VETTVANGI** Konunni var gert að sæta geðrannsókn og situr í gæsluvarðhaldi til 1. september. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**Nýir eigendur óskast!**

Kynntu þér úrval notaðra bíla á www.askja.is



Mercedes-Benz C 280
árg. 2007, ekinn 38 þús. km
3000cc, bensín, sjálfsk.
- Lítið keyrður glæsivagn
- Hlaðinn aukabúnaði

**Verð kr. 4.990.000**



Kia Sorento
árg. 2008, ekinn 86 þús. km
2500cc, dísel, sjálfsk.
- 3,5 tonna dráttargeta
- 4x4

**Verð kr. 3.580.000**



Toyota Yaris
árg. 2008, ekinn 69 þús. km
1000cc, bensín, beinsk.
- Lipur og sparneytinn
- Framdrif

**Verð kr. 1.590.000**

METANBÍLL!



Mercedes-Benz B-Class
árg. 2010, ekinn 8 þús. km
1800cc, NGT,* sjálfsk.
- Framhjóladrifinn metanbíll
- Sparneytinn og vel útbúinn

* Metan/bensín

**Verð kr. 4.690.000**



Kia Rio Ex
árg. 2006, ekinn 82 þús. km
1500cc, dísel, beinsk.
- Sparneytinn og kraftmikill
- Framdrif

**Verð kr. 1.370.000**



Mercedes-Benz A-Class
árg. 2006, ekinn 116 þús. km
1498cc, bensín, sjálfsk.
- Lipur og sparneytinn
- Framdrif

**Verð kr. 1.790.000**



Toyota Corolla
árg. 2006, ekinn 116 þús. km
1400cc, bensín, beinsk.
- Rúmgóður og sparneytinn
- Framdrif

**Verð kr. 1.490.000**

Opið virka daga frá kl. 9-18
Laugardaga 12-16

ASKJA
Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík
Sími 590 2100 · askja.is




**Í HÖFUÐSTÖÐVUM GADDAFÍS** Uppreisnarmenn fagna í höfuðstöðvum Gaddafís og gera lítið úr helstu valdatáknum leiðtogans fallna. NORDICPHOTOS/AFP

# Höfuðstöðvarnar á valdi uppreisnarliðs

**Uppreisnarmenn náðu höfuðstöðvum Gaddafís á sitt vald í gær. Stuðningsmenn harðstjórans verjast enn á nokkrum stöðum í höfuðborginni. Ekki var vitað hvar Gaddafí sjálfur væri niðurkominn. Bráðabirgðastjórnin lofar sáttum.**

**LÍBÍA, AP** Uppreisnarmenn í Líbíu náðu höfuðstöðvum Múammars Gaddafí í Trípolí á sitt vald í gær eftir harða skotbardaga við stuðningsmenn Gaddafís klukkustundum saman.

Höfuðstöðvarnar eru nokkur hús, herskálar og tjöld inni á rammgirtri lóð. Þar eru bæði skrifstofur Gaddafís og vistarverur hans og fjölskyldu hans. Hann sjálfur sást hvergi og var ekki vitað hvar hann væri niðurkominn.

Kirsan Iljumisjov, hinn rússneski forseti Alþjóðaskáksambandsins, sagðist þó hafa rætt við Gaddafí í síma í gær, en þeir munu vera góðir kunningjar.

„Við erum að leita að Gaddafí. Við verðum að finna hann núna,“ segir Sohaib Nefati, 29 ára gamall liðsmaður uppreisnarsveitanna, sem sat með riffil sinn upp við vegg innan höfuðstöðvanna.

Annar klifraði upp á fræga gyllta styttu af krepptum hnefa sem kremur líkan af bandarískri herþotu. Þar skaut hann upp í loftið við mikinn fögnuð félaga sinna.

Undanfarna mánuði hafa hersveitir NATO gert allmargar loftárásir á höfuðstöðvarnar, þannig að þær voru að stórum hluta í rústum þegar uppreisnarmennirnir réðust inn.

Uppreisnarmenn sögðust einnig vera með full yfirráð yfir byggingu ríkissjónvarpsins í Trípolí. Þeir sögðu flugvöllinn í borginni einnig vera á þeirra valdi.

Stjórnarherinn og aðrir stuðningsmenn Gaddafís höfðu þó enn suma hluta borgarinnar á sínu valdi og erlendir fréttamenn sögðust einnig sjá að þeir væru með nokkra staði innan höfuðstöðva Gaddafís á sínu valdi.

Bráðabirgðastjórn uppreisnarmanna í Bengasí, austan til í Líbíu, hefur sagst ætla að leggja áherslu á að ná sáttum meðal landsmanna. Þeir ætla sér að stjórna í skamman tíma meðan verið er að semja nýja stjórnarskrá og efna til kosninga.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar segir hluta eigenda skapa sundrungu:

# Óttast slit og uppskipti á kvótanum

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Sigurgeir B. Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, kveðst óttast að eigendur þriðjungshlutar í félaginu muni freista þess að fá því slitið svo skipta megi upp aflaheimildum þess.

Í yfirlýsingu sem Sigurgeir sendi frá sér í gær fyrir hönd meirihluta eigenda í Vinnslustöðinni segir að fulltrúar Stillu útgerðar ehf., sem eigi tæplega þriðjungs hlut í félaginu, hafi „með ýmsu móti reynt að ná undirtökum í VSV undanfarin ár og vanda ekki meðulin til að ná settu marki“. Á aukahluthafafundi á mánudag hafi verið felld tillaga minnihlutans um að Vinnslustöðin höfðaði skaðabótamál gegn Sigurgeiri og nokkrum núverandi og fyrrverandi stjórnarmönnum félagsins vegna kaupa þeirra á 35 prósenta hlut í Ufsabergi-útgerð ehf. í Eyjum fyrir þremur árum.



**SIGURGEIR B. KRISTGEIRSSON**

„Ég vísa því á bug að þau viðskipti hafi skaðað VSV á nokkurn hátt,“ segir Sigurgeir sem kveður „vandséð er að það vaki fyrir Guðmundi og Hjálmari Kristjánssonum, eigendum Stillu, að styrkja og efla VSV“. Slíkt verði ekki gert með því að leitast við að skapa óróa og sundrungu í hluthafahópnum.

„Mér segir svo hugur um að næsta mál á dagskrá verði að krefjast þess að félaginu verði hreinlega slitið. Þannig fái þeir tækifæri til að ráðstafa þriðjungi aflaheimilda VSV,“ segir í yfirlýsingunni. **- gar**

FRÁ BYRJENDUM TIL SÉRFRÆÐINGA



Skráðu þig á póstlistann á **www.promennt.is** og þú gætir unnið **100.000 kr.** námskeið að eigin vali

**BOÐIÐ UPP Á FJARKENNSLU**

# Sérfræðinám
Haustönn 2011

## » MCITP Windows 2008 Server

MCITP námið undirbýr fyrir alþjóðlegar vottanir kerfisstjóra í Windows 2008 netstýrikerfum.

**MCITP Server Administrator 2008 og MCTS Exchange Server 2010.**

Námsbrautin skiptist í fjóra áfanga:
- Windows Server 2008 Active Directory (70-640)
- Windows Server 2008 Infrastructure Services (70-642)
- Windows Server 2008 Server Administrator. (70-646)
- Windows Exchange Server 2010 (70-662)

Þegar komið er út á vinnumarkaðinn er mikilvægt að hafa hagnýta reynslu af viðfangsefninu. Þátttakendum er því gefinn kostur á að takast á við þriggja daga lokaverkefni úr námsefni annarinnar.

**Boðið er upp á MCITP með og án Exchange 2010**
**MCITP** – Lengd 195 std. Verð kr. 299.000.-
**MCITP + Exchange 2010** – Lengd 250 std. Verð kr. 398.000.-

Innifalið er allt kennsluefni og ein próftaka úr hverjum áfanga.

## » MCITP – Enterprise Administrator on Windows Server 2008

Í beinu framhaldi af Server Administrator gráðunni vinsælu bjóðum við nú upp á undirbúningsnám fyrir Enterprise gráðuna. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi öðlast þekkingu og reynslu í rekstri á upplýsingakerfum og séu tilbúnir til að takast á við næstu skref. Farið er í hönnun á Active directory og network Infrastructure ásamt hönnun á Application Infrastructure. Einnig er kennd innleiðing og rekstur á Terminal Services og Internet Information Servivces í Windows Server 2008 umhverfi.

**Lengd 120 kennslustundir. Verð 249.000 kr.**
Innifalið er allt kennsluefni og tvær próftökur

## » .NET 4.0 Forritunarnám

Fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem alvöru forritarar bjóðum við nú upp á þessa nýju námsbraut í .Net 4.0 umhverfinu þar sem kennt er á nýjustu útgáfur af C# forritunarmálinu í Visual Studio 2010 Framework sem er það nýjasta frá Microsoft.

**Lengd: 130 std. Verð: 299.0000**
Innifalið er allt kennsluefni og tvær próftökur

**GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA**

## » Cisco Námskeið - CCNA

Cisco Certified Network Associate (CCNA) gráðan er talin ein sterkasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Gráðan hentar þeim sem vilja verða sérfræðingar í uppbyggingu á nútíma tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum á nær- og víðnetum.

Námsbrautin er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá CISCO. Um er að ræða mjög gagnlegt og áhugavert nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda. Námið hentar jafnt þeim, sem hafa grunnþekkingu í tölvu- og netkerfum og langar að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, sem og Microsoft tæknimönnum sem vilja útvíkka þekkingu sína á netkerfum.

**Lengd: 85 std Verð kr. 289.000,-**
Innifalið er allt kennsluefni og ein próftaka.

## » MCTS Sérfræðingur

Að loknu námi á þessari námsbraut eiga nemendur að vera tilbúnir til að taka að sér rekstur minni netkerfa. Þetta er einnig einn besti undirbúningurinn sem völ er á fyrir þá sem hyggjast síðar stefna á MCITP Server 2008 gráðuna.
Farið er yfir og kennt allt það helsta sem viðkemur tölvuviðgerðum (Comptia A+), uppsetningu og rekstri Small Business Server 2011 frá Microsoft ásamt nethögun (networking).

**Einnig er farið í uppsetningu, rekstur og stillingar á Windows 7 stýrikerfinu.**

Lengd 160 std. Verð 245.000.- allt kennsluefni innifalið

**Láttu þetta tækifæri ekki framhjá þér fara og skráðu þig strax!**



**Tölvuskólinn Isoft- Þekking verður PROMENNT**

Nýtt nafn á gömlum og traustum grunni. Þó ennþá sama kennitalan, sama frábæra fólkið, á sama staðnum og hér eru auðvitað áfram sömu flottu nemendurnir! **Nánar á promennt.is**

Microsoft Partner Silver Learning · CompTIA · Cisco Systems

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • www.promennt.is

**FRÉTTASKÝRING:** Afsögn Guðmundar Steingrímssonar

# Úrsögn losar um pressu á stjórnina

**Guðmundur Steingrímsson hyggur á stofnun nýs stjórnmálaflokks á miðjunni. Hlutleysi hans losar ríkisstjórnina úr pressu einstakra þingmanna og ráðherra. Gæti haft áhrif á þingmenn annarra flokka.**



**FANN EKKI FORMANNINN** Guðmundur Steingrímsson mætti á flokksskrifstofu Framsóknarflokksins í gær til að afhenda formanninum afsagnarbréf sitt. Það var kannski táknrænt að þar var formanninn ekki að finna og þurfti Guðmundur því að leita hann uppi í húsakynnum Alþingis. Guðmundur við málverk af afa sínum og fyrrverandi formanni Framsóknarflokksins, Hermanni Jónassyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þingflokkur Framsóknarflokksins minnkaði um einn þingmann í gær þegar Guðmundur Steingrímsson sagði sig úr Framsóknarflokknum. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær eru það fyrst og fremst Evrópumálin sem skýra ákvörðun Guðmundar. Flokksþing Framsóknarflokksins samþykkti stefnu sem var jákvæð í garð Evrópusambandsins. Ýmis skilyrði voru þó sett af hálfu flokksins, skilyrði sem Guðmundur, Siv Friðleifsdóttir og Birkir Jón Jónsson töldu að væru tryggð í umsókn Íslands og greiddu því atkvæði með henni.

Þing flokksins í apríl 2011 breytti hins vegar um kúrs. Samþykktir þess voru ekki eins skýrar, en þó kvað ein þeirra á um að hagsmunum Íslands væri betur borgið utan sambandsins. Kergja var í mörgum flokksmönnum í kjölfar þeirrar samþykktar og ræddu margir um breytta stefnu nýrrar forystu, undir stjórn formannsins, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.

### Ásmundur í sama kjördæmi

Þingflokki Framsóknarflokksins bættist liðsstyrkur í júní þegar Ásmundur Einar Daðason gekk til liðs við flokkinn. Hann hafði áður sagt sig úr þingflokki Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, en hugðist ætla að styðja ríkisstjórnina til góðra verka. Það breyttist þó þegar hann skipti um flokk.

Ásmundur Einar er níundi þingmaður Norðvesturkjördæmis, en Guðmundur er áttundi þingmaður sama kjördæmis. Sá fyrrnefndi er aukinheldur formaður Heimssýnar, hreyfingar sjálfsstæðissinna í Evrópumálum, sem berst ötullega gegn aðild Íslands að sambandinu.

Tilkoma Ásmundar setti stöðu Guðmundar í meira uppnám en ella. Hann hafði verið í minnihluta þingflokksins í skoðun sinni á Evrópumálum og nú var kominn annar þingmaður í hans kjördæmi sem gert hefur Evrópuandstöðu að helsta baráttumáli sínu. Því má leiða líkur að því að Guðmundur hafi einangrast enn frekar í flokknum.

Formaður flokksins skrifaði síðan grein í Morgunblaðið í liðinni viku þar sem hann hvatti til þess að umsókn Íslands um aðild yrði dregin til baka. Þetta er þvert gegn skoðunum Guðmundar sem telur að þjóðin eigi að fá að greiða atkvæði um niðurstöðu samninga. Tímasetning afsagnarinnar er því trauðla tilviljun.

### Tak órólegra linast

Guðmundur hyggst starfa sem óháður þingmaður á meðan hann leitar hófanna með stofnun nýs stjórnmálaafls. Hann hyggst veita ríkisstjórninni hlutleysi, en það er stjórninni mjög mikilvægt þar sem hún hefur aðeins eins manns meirihluta.

Það þarf ekki að þýða að með þessu hafi hann framlengt líf stjórnarinnar, spár um dauða hennar hafa allar reynst ótímabærar. Rifja má upp, líkt og Sigmundur Davíð hefur gert, að Guðmundur greiddi atkvæði gegn vantrausti á stjórnina í vor og því hlýtur að teljast líklegt að hann hefði endurtekið þann leik.

Nú er Guðmundur hins vegar óbundinn með öllu af samþykktum Framsóknarflokksins og skoðunum forystu og þingflokks. Hann getur því stutt þau mál ríkisstjórnarinnar sem hugnast honum.

Staða ríkisstjórnarinnar hefur verið erfið. Ljóst er að Jón Bjarnason er eindreginn andstæðingur aðildarviðræðnanna og hefur naumur meirihluti orðið til þess að styrkja stöðu hans til muna.

Einstakir þingmenn hafa, við þessar aðstæður, færi á að binda stuðning sinn við einstök mál; nægir að nefna Þráin Bertelsson og Kvikmyndaskóla Íslands í því samhengi.

Úrsögn Guðmundar linar tak þessara ráðherra og þingmanna á ríkisstjórninni; það verður ekki lengur spurning upp á líf og dauða hennar hvort látið er undan þeim eða ekki.

### Klofinn flokkur

Formaður Framsóknarflokksins hefur gert lítið úr brotthvarfi Guðmundar og endurómað kunnuglegt stef við slíkar aðstæður; fleiri hafi gengið í flokkinn en úr honum. Sigmundur Davíð getur þó ekki horft fram hjá því að flokkurinn er klofinn í Evrópumálum. Siv og Birkir Jón, sem bæði greiddu atkvæði með aðildarviðræðunum, sitja enn í þingflokknum og þótt gera megi ráð fyrir því að margir fylgi Guðmundi þá er ljóst að Evrópusinnar munu ekki hverfa úr Framsóknarflokknum.

### Aðrir flokkar

Verði það að veruleika að Guðmundur stofni nýjan flokk er viðbúið að rót gæti komist á fylgismenn annarra flokka. Guðmundur hefur málað sig á miðjunni, til hægri við Samfylkinguna. Það gæti höfðað til hægri arms þess flokks, en margir í honum eru langþreyttir á því sem þeir sjá sem eftirgjöf við vinstri öflin í Vinstri grænum.

Hafa verður í huga að Guðmundur starfaði áður innan Samfylkingarinnar, raunar kom inn ganga hans í Framsóknarflokkinn mörgum á óvart á sínum tíma. Hann var aðstoðarmaður Dags B. Eggertssonar í borgarstjóratíð hans og meðal annarra í innsta hring hans má nefna Kristján Guy Burgess, aðstoðarmann Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra.

Þá má einnig velta því fyrir sér hvaða áhrif nýr flokkur hefur á sjálfstæðismenn. Flokkurinn heldur landsfund í haust og Bjarni Benediktsson formaður hefur málað sig sterkum litum undanfarið sem andstæðing Evrópusambandsins. Hann er sammála formanni Framsóknarflokksins um að draga eigi aðildarumsókn til baka.

Sú skoðun er vægast sagt umdeild innan flokksins og takist Guðmundi að stofna trúverðugan miðjuflokk með hægri áherslum gæti það eins gerst að Evrópusinnar í Sjálfstæðisflokknum litu hann hýru auga.

### Sérkennileg staða

Hvernig pólitísk veröld Guðmundar Steingrímssonar velkist leiðir tíminn einn í ljós. Sérkenniileg staða verður þó að teljast vera komin upp í íslenskum stjórnmálum, þegar horft er til þess að aðildarviðræður að Evrópusambandinu eru nú í höndum Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.

Bjarni og Sigmundur hafa einarðlega stýrt flokkum sínum gegn ESB. Það rýrir kosti þeirra til stjórnarmyndunar, nema flokkarnir fái hreinan meirihluta saman.

Guðmundur – og aðrir þeir sem vilja leiða viðræður um Evrópu til lykta – verður því að treysta á að ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri græns haldi. Það verður þeim hvati til að styðja stjórnina og léttir um leið líf þeirra vinstri grænna sem vilja klára viðræður, en láta samning í þjóðaratkvæðagreiðslu.




**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is


## Biðleikur á leiðinni heim?

Sagan sýnir að stofnun nýrra stjórnmálaflokka er ekki ávísun á árangur. Þeir flokkar sem bestum árangri hafa náð eiga það sammerkt að vera stofnaðir tiltölulega skömmu fyrir kosningar; svo sem Bandalag jafnaðarmanna og Borgaraflokkurinn. Þeir eru þó báðir horfnir á braut.

Þjóðvaki sigldi hátt í skoðanakönnunum, náði fjórðungsfylgi, en gekk ekki eins vel þegar kom til kosninganna sjálfra.

Líkt og áður segir á Guðmundur sér fortíð innan Samfylkingarinnar. Því hefur oft verið haldið fram að þar eigi hann frekar heima en í Framsóknarflokknum. Það gæti verið biðleikur á leið hans þangað að starfa sem óháður þingmaður.

Slíkt er forsenda þess að Guðmundur geti metið styrk sinn, mælt stöðu sína. Það er óhægt um vik með slíkt þegar maður er þingmaður annars flokks. Komi í ljós að margir fylgi honum að máli gæti hann styrkt stöðu sína innan Samfylkingarinnar, gengið í flokkinn með stærri hóp í kringum sig.

Annar möguleiki er að flokkurinn verði að veruleika og verður þá að teljast langlíklegast að Guðmundur fari sjálfur fram í Kraganum í næstu kosningum. Slíkt framboð gæti reynst flokkum Evrópuandstæðinga skeinuhætt, sérstaklega ef vel tekst upp við að manna framboðslista.


**Hrísmóar 11**
210 Garðabær
Glæsileg útsýnisíbúð

Stærð: 200 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1984
Fasteignamat: 27.150.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind









**Opið hús í dag miðvikudag 17:00:17:30**

**Verð: 44.900.000**

Ein fallegasta útsýnisíbúð Garðabæjar til sölu, 5 svefnherbergi. Öll skipti skoðuð.
Penthouse íbúð með bílskúr. Algjörlega einstök íbúð sem hefur sl. mánuði verið endurnýjuð að mestu. Eldhúsið nýlega tekið í gegn, opnað inn í stofuna. Húsið var allt tekið í gegn að utan fyrir 3 árum. Mikil lofthæð er í íbúðinni. Útsýnið er stórglæsilegt, yfir alla Reykjavík. og Snæfellsnes Yfirtakanlegt 30 milljón króna lán. Lýsing frá lúmex.

Hannes Steindórsson
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is



RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

www.volkswagen.is




Volkswagen GOLF Blue Motion 1.6 TDI

# Meðaleyðsla aðeins 3,8 lítrar á hverja 100 km*

Volkswagen Golf er traustur og skemmtilegur ferðafélagi bæði í borg og sveit. Volkswagen býður upp á fjölbreytt úrval vel búinna bíla á hagstæðu verði, sem eru fáanlegir í ýmsum útgáfum – allt frá bílum með sparneytnum dísil- og bensínvélum upp í kraftmikla GTI sportbíla. Komdu við hjá okkur og kynntu þér úrvalið og reynsluaktu einum slíkum.

**Golf kostar aðeins frá**
**3.390.000 kr.**

Das Auto.

HEKLA
**Reynslan er góð!**
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

Volkswagen Golf Trendline 1.6 TDI til afhendigar strax
* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Golf Blue Motion 1.6 TDI
Aukabúnaður á mynd: 18" álfelgur, spoiler og litaðar rúður

## Stoðkerfishópur

Hentar þeim sem glíma við einkenni frá stoðkerfi svo sem bakverki, eftirstöðvar slysa og þeim sem vilja hreyfingu undir leiðsögn sjúkraþjálfara.

Þjálfun á mán, mið og föst kl. 16.30

- **8 vikna námskeið**
- **Þjálfun hjá sjúkraþjálfara 3x í viku**
- **Mat og ráðgjöf sjúkraþjálfara**
- **Kennsla í réttri líkamsbeitingu**
- **Fræðsla um verki, svefn og heilbrigðan lífsstíl**

**Verð kr. 32.500,-** (16.250 kr. á mán)



HEILSUBORG

Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!

Faxafeni 14 www.heilsuborg.is



## HL STÖÐIN

Starfsemi HL stöðvarinnar í Reykjavík hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn **5. september**.

Vinsamlega staðfestið þátttöku í síma **561 8002** eða á **hlstodin@simnet.is**.

**HL STÖÐIN**

Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga

Hátúni 14 – 105 Reykjavík – Sími 561 8002



## Styrkir

### til verkefna sem hvetja til virkni atvinnuleitenda

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um verkefni sem hvetja til virkni atvinnuleitenda sem fá fjárhagsa□sto□til framfærslu hjá Velfer□arsvi□i.

Verkefnin sem sótt er um styrk til þurfa a□vera hvetjandi og þau þurfa a□styrkja, virkja og efla hæfni þátttakenda til a□takast á vi□breyttar a□stæ□ur á vinnumarka□i. Frjáls félagasamtök eru sérstaklega hvött til a□sækja um.

- Vi□úthlutun fjármagns er teki□mi□af því a□ verkefnin nýtist sem flestum, a□þau séu fjölbreytt og lei□i til aukinnar velfer□ar.
- Skilyr□i fyrir styrkveitingu er a□ námskei□in/úrræ□in sem samþykkt ver□a standi til bo□a þvert á þjónustumi□stö□var.
- Námskei□in/úrræ□in skulu haldin á dagvinnutíma.

**Umsóknarfrestur er til 15. september 2011.**

**Nánari upplýsingar eru á vef Reykjavíkurborgar:**
**www.reykjavik.is/virkniverkefni**

Reykjavíkurborg Velferðarsvið



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA


World Class hefur lokað í Orkuveituhúsinu en stöðvarnar verða áfram níu:

# Opna í Háskólanum í Reykjavík

**FÓLK** Líkamsræktarstöðin World Class mun opna í húsnæði Háskólans í Reykjavík í byrjun september. Í staðinn hefur stöðinni í Orkuveituhúsinu verið lokað.

Stöðvar World Class verða því áfram níu talsins á höfuðborgarsvæðinu.

„Við lokuðum í Orkuveitunni á föstudag og erum búin að flytja tæki þaðan í HR,“ segir Björn Leifsson, framkvæmdastjóri World Class.

Nú er verið að mála, setja upp spegla og vinna að öðrum undirbúningi. Björn segir áætlað að opna í Nauthólsvíkinni helgina 3.-4. september.

Tækjasalur stöðvarinnar verður 200 fermetrar. „Þetta er ekki stór stöð en vonandi getum við stækkað hana í framtíðinni.“ Stöðin verður öllum opin þó hún sé staðsett í Háskólanum í Reykjavík.

Nemendur í skólanum munu þó hafa aðgang að stöðinni allan sólarhringinn þar sem þeir hafa aðgangskort að húsinu. „Þetta verður góð þjónusta við þá.“ **- þeb**



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK** World Class fer úr Orkuveituhúsinu og í nýtt húsnæði HR í Nauthólsvíkinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sólheimadómurinn fer til Hæstaréttar

**Velferðarráðherra hefur ákveðið að áfrýja dómi héraðsdóms um vanefndir á þjónustusamningi við Sólheima. Segir þörf á frekari leiðsögn dómstóla um þjónustusamninga. Framkvæmdastjóri Sólheima harmar tafir á málalokum.**

**STJÓRNSÝSLA** Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hefur ákveðið að áfrýja til Hæstaréttar niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur frá júlí í máli Sólheima gegn íslenska ríkinu. Dómurinn kvað á um að lækkun ríkisframlaga til Sólheima fyrir árið 2009 fæli í sér vanefndir á þjónustusamningi.



**GUÐBJARTUR HANNESSON**



**GUÐMUNDUR ÁRMANN PÉTURSSONI**

Sú niðurstaða gæti, að mati velferðarráðuneytisins, haft fordæmisgildi varðandi forsendur og gildistíma annarra þjónustusamninga ríkisins og því sé mikilvægt að áfrýja dómnum til Hæstaréttar til að eyða allri óvissu.

Þessi ákvörðun ráðherra var kynnt á ríkisstjórnarfundi í gær, en í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að það mat dómsins að fyrrnefnd skerðing feli í sér vanefndir, sé eitt og sér tilefni til áfrýjunar. Forsenda samninga hljóti að vera að fé fáist á fjárlögum.

Þá er efast um þá niðurstöðu dómsins að þjónustusamningurinn hafi verið í gildi. Skerðingin tók til ársins 2009, en samningurinn rann út í árslok 2008.

Ráðuneytið segir það orka tvímælis að gildistími, uppsögn og endurskoðun samninga megi túlka þannig að nægilegt sé „að annar aðilinn lýsi vilja til endurnýjunar“. Telur ráðuneytið vart standast að samningunum hafi þurft að segja upp að loknum gildistíma. Þá verði einnig að fá úr því skorið hvort dómurinn leiði til skaðabótaskyldu, og, ef svo er, hvort það eigi við Alþingi eða ráðuneytið.

Ráðherra segir í samtali við Fréttablaðið að áfrýjunin sé alls óháð Sólheimum sem slíkum.

„Við þurfum skýrari leiðsögn frá dómskerfinu um hvernig eigi að búa um hlutina svo við lendum ekki í þessari stöðu aftur.“

Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima, segir í samtali við Fréttablaðið að stjórn Sólheima hafi ekki tekið afstöðu til málsins, en þessi ákvörðun ráðherra sé honum vonbrigði.

„Þetta mál er búið að hanga yfir allt of lengi og hefur haft allt of alvarlegar afleiðingar,“ segir Guðmundur og bætir því við að nú líti út fyrir að málalok muni enn tefjast. Jafnvel um heilt ár. „Og það er ömurleg tilhugsun.“

Guðmundur segir að niðurstaða héraðsdóms hafi verið skýr og frekari tafir í málinu auki óvissu um framtíð Sólheima.

„Við förum í gegnum þetta, en þessi ákvörðun gerir leikinn ekki auðveldari.“ **thorgils@frettabladid.is**




**SÓLHEIMAMÁL FYRIR HÆSTARÉTT** Velferðarráðherra mun áfrýja dómi um vanefndir þjónustusamnings við Sólheima. Hann segir þörf á skýrari leiðbeiningum dómstóla um slíka samninga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Á annað hundrað þjónustusamninga

Þjónustusamningar sem ríkið gerir eru á annað hundrað, og þjónustusamningar á sviði velferðarráðuneytisins sem greitt er samkvæmt árið 2011 eru 27 talsins. Þetta kemur fram í tilkynningu ráðuneytisins. Þar fyrir utan eru eldri þjónustusamningar sem gerðir voru af hálfu félags- og tryggingamálaráðuneytisins vegna þjónustu við fatlaða sem nú eru á hendi sveitarfélaga, að meðtöldum samningi við Sólheima.

Í tilkynningunni segir að niðurstaða héraðsdóms í máli Sólheima gæti haft fordæmisgildi og því sé mikilvægt að áfrýja dómnum til að eyða óvissu varðandi forsendur og gildistíma þjónustusamninga.

Nýir eigendur þurfa að leggja á annað hundrað milljóna til Sparisjóðs Svarfdæla:

# Er rekinn á undanþágu FME

**VIÐSKIPTI** Sparisjóður Svarfdæla hefur ekki uppfyllt lögbundið lágmark um eigið fé sem Fjármálaeftirlitið hefur sett fjármálafyrirtækjum síðastliðin þrjú ár. Til stendur að selja hlut ríkisins í sparisjóðnum. Nýir eigendur þurfa að leggja honum til á bilinu 100 til 120 milljónir króna að lágmarki til að koma honum á réttan kjöl.

„Við munum auglýsa söluferlið á næstu dögum. Ferlið tekur að öllu jöfnu sex til átta vikur og við gætum verið búin að selja hlutinn í byrjun október,“ segir Bjarki A. Brynjarsson, sérfræðingur hjá fyrirtækjaráðgjöf H.F. Verðbréfa. Fyrirtækið sér um sölu á níutíu prósenta hlut Bankasýslu ríkisins í sparisjóðnum. Sparisjóðurinn rekur tvö útibú, á Dalvík og í Hrísey. Hann útilokar ekki að sparisjóðurinn verði sameinaður öðru fjármálafyrirtæki.

Sparisjóður Svarfdæla átti líkt og fleiri sparisjóðir stóra hluti í Exista og Icebank auk VBS Fjárfestingarbanka og fleiri fjármálafyrirtækja sem urðu verðlaus í kringum bankahrunið. Við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins sem lauk í desember í fyrra fór eiginfjárhlutfall úr því að vera neikvætt um 15,2 prósent í 10,5 prósent. Lögbundið lágmark er hins vegar 16,0 prósent. **- jab**



**HORFT Á DALVÍK** Til stendur að selja hlut ríkisins í Sparisjóði Svarfdæla á Dalvík og í Hrísey. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is



# 3 til 5 nátta Borgarferðir í haust með VITA







## DUBLIN
### ÍRLANDI

**3. nóv.**
**3 nætur**

Dublin á Írlandi er einstök borg sem hefur unnið hug og hjörtu margra Íslendinga í gegnum árin, enda er varla annað hægt en að hrífast af umhverfinu, menningunni og lífsgleði innfæddra.

**Verð frá 75.200 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 í tvíbýli á Camden Court Hotel í 3 nætur.
Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 85.200 kr.

## RIGA
### LETTLANDI

**7. okt.**
**3 nætur**

Örfá sæti laus!

Falleg borg með steinlögðum strætum og merkum byggingum frá fyrri öldum. Saga, menning, góðir veitingastaðir og fyrirtaks verslanir.

**Verð frá 76.300 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 í tvíbýli á Hotel Albert í 3 nætur.
Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 86.300 kr.

## EDINBORG
### SKOTLANDI

vita GOTT FÓLK 60+

**13. okt. til 18. okt.**
**5 nætur**

Örfá sæti laus!

**27. okt. og 17. nóv.**
**3 nætur**

**3. nóv.**
**5 nætur**

Fallegasta borg Skotlands og umfram allt einstaklega þægileg. Gott að versla og allt í göngufæri.

**Verð frá 71.400 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 í tvíbýli á Mount Royal, 13. okt. í 3 nætur.
Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 81.400 kr.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 56054 08/11

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP



Við erum flutt!

Suðurlandsbraut 2
Hilton Reykjavik Nordica

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

**Kvennaleikfimi**

Gamla góða leikfimin fyrir allar konur sem vilja styrkja sig og líða betur. Styrktaræfingar, lítil hopp og æfingar fyrir maga, rass og læri.

- **Hefst 5. september**
- **Kennsla á mán, mið og föst kl. 16.30**
- **Þjálfari er Þóra Sif Sigurðardóttir, íþróttafræðingur**

**Verð kr. 13.900 fjórar vikur**
(áskrift kr. 9.900 á mán)



HEILSUBORG
Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

10 ÁRA 2001-2011

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft

# Endanleg ákvörðun eftir áralangt þjark

**Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að efna til hönnunarsamkeppni um nýtt fangelsi á Hólmsheiði. Áætlað er að framkvæmdir hefjist 2012. Ríkisstjórnin hefur ekki ákveðið hvort um opinbera eða einkaframkvæmd verður að ræða.**

**FANGELSISMÁL** „Loksins nú, eftir margra ára og áratuga biðstöðu og þjark, liggur fyrir endanleg ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að reisa nýtt fangelsi,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra.

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að tillögu innanríkisráðherra að hefja byggingu nýs gæsluvarðhalds- og öryggisfangelsis á Hólmsheiði. Stefnt er að verklokum innan þriggja ára. Kostnaðaráætlun nemur um 2,1 milljarði króna. Um verður að ræða gæsluvarðhalds- og öryggisfangelsi fyrir 56 fanga.

Fyrsta skref í verkáætlun er að efna til hönnunarsamkeppni um verkefnið og er með því komið til móts við óskir arkitekta í því efni. „Arkitektar hafa rökstutt sínar kröfur á mjög sannfærandi hátt að æskilegt sé að fram fari hönnunarsamkeppni, þar sem talið er að fleiri arkitektastofur geti leitað eftir verkinu heldur en yrði ef alútboð tæki til þess þáttar líka,“ segir ráðherra. Hann kveðst hafa varið alútboðsleiðina, en kaupi þau rök að í alútboðum, þar sem teiknivinnan sé líka inni er sú hætta fyrir hendi að smærri stofur séu í mun þrengri aðstöðu til að taka þátt, heldur en ef um hönnunarsamkeppni sé að ræða.

„Ég er því mjög ánægður með að geta orðið við þeirra óskum hvað þetta snertir,“ bætir Ögmundur við.

Ráðuneytið mun skipa dómnefnd sem leggur lokahönd á samkeppnislýsingu hönnunarinnar. Eftir það verður gefinn tiltekinn skilafrestur og í framhaldi af því skilar dómnefnd niðurstöðum og er kostnaður við þennan verkþátt áætlaður 25 til 30 milljónir króna. Síðan verður samið við verðlaunahafa um að teikna fangelsið.

Þegar grunnteikningar liggja fyrir verður verkið boðið út og er stefnt að því að framkvæmdir geti hafist síðari hluta ársins 2012.

Spurður um hvort ákvörðun hafi verið tekin á ríkisstjórnarfundinum um hvort fangelsið verði reist í opinberri framkvæmd eða einkaframkvæmd segir Ögmundur svo ekki vera.

„Ríkisstjórnin hefur ekki tekið ákvörðun um formið á útboði sem farið verður í þegar hönnun fangelsisins er lokið. En stóra málið er að verkið er komið af stað, sem er afar ánægjulegt.“ **jss@frettabladid.is**



**HÓLMSHEIÐI** Ríkið á lóð á Hólmsheiði þar sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að nýtt fangelsi verði byggt.

LAMBAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU KOMIÐ Í NÓATÚN







EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

DAG Nótt noatun.is 24·7 NÓATÚN

Fáðu **30% stærra** Heimilisbrauð í dag

afmælistilboð

15 ÁRA HEIMILIS BRAUÐ 1996-2011

### Afmæliskaupauki

Fáðu mjúka afmælissnúða með Heimilisbrauðinu í dag á meðan birgðir endast. Gríptu tækifærið og njóttu afmælisins.




Myllan heldur upp á 15 ára afmæli Heimilisbrauðsins allt árið. Fáðu afmælisgjöf. Fáðu núna 30% meira af Heimilisbrauði í dag á sama góða verðinu.

+30% meira afmælistilboð meira stærra afmæli meira

# Fáðu stærra Heimilisbrauð í dag

## Heimilisbrauðið er 15 ára. Fáðu 30% meira í dag.

Heimilisbrauðið er 15 ára. Myllan heldur upp á afmælið með margs konar kostaboðum, allt árið. Nú færðu Heimilisbrauðið 30% stærra en venjulega, á sama góða verðinu. Og að auki fylgir poki af mjúkum snúðum með hverju keyptu Heimilisbrauði. Fáðu þér gott Heimilisbrauð í dag, 30% stærra.

Afmælistilboðið gildir á meðan birgðir endast.

Fáðu meira frá Myllunni!

MYLLAN ALLTAF NÝ BAKAÐ

Óvæntar afmælisgjafir með Heimilisbrauðinu. Vertu í afmæli allt árið. Fylgstu með á myllan.is.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Getur Guðmundur Steingrímsson fundið óánægjufylgi úr öðrum flokkum?

# Gatið á miðjunni

Stjórnmálaflokkarnir berjast ekki beint um miðjufylgið þessa dagana, þótt eðli málsins samkvæmt sé býsna marga kjósendur að finna á miðjunni.

Vinstri grænir eru þar sem þeir eru, lengst til vinstri. Þeir hafa aldrei haft áhuga á miðjufylginu. Framsóknarflokkurinn (sem einu sinni kallaði sig miðjuflokk) og Sjálfstæðisflokkurinn hafa tekið strikið út á væng þjóðernishyggju og sérhagsmunagæzlu með því að vilja neita þjóðinni um að greiða atkvæði um aðildarsamning við Evrópusambandið. Þeir hafa skilið marga kjósendur eftir í reiðileysi, sem sumir hverjir eru jákvæðir gagnvart aðild að Evrópusambandinu og aðrir bara hlynntir því að kjósendur geti valið á milli margra kosta.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Samfylkingin gefur kost á sér sem flokkur Evrópusinnanna, en þeir eru margir hverjir engan veginn nógu vinstri sinnaðir til að fylgja þeim flokki að málum. Í samstarfinu við Vinstri græna hallast Samfylkingin eins langt í átt til miðstýringar, forsjárhyggju og ríkislausna og hún getur. Hún hafnar um leið mörgum munaðarlausum sjálfstæðis- og framsóknarmönnum – og ekki síður markaðssinnuðum hægrikrötum.

Stöku Samfylkingarþingmaður áttar sig á því að of miklu hefur verið fórnað í þágu samstarfsins við VG. Það má til dæmis lesa út úr grein Magnúsar Orra Schram hér í blaðinu í fyrradag, en þar segir hann mikilvægt að Samfylkingin „stígi ákveðnar fram í anda frjálslyndrar jafnaðarstefnu“ og segir að mikinn afslátt af þeirri stefnu hafi þurft að gera í samstarfinu við VG. Magnús Orri vill verðmætasköpun, markvissa atvinnusókn, aðhald í ríkisútgjöldum, hófsemi í skattlagningu, sókn í orkumálum og endurskoðun landbúnaðarkerfisins. Allt er þetta gott og blessað, en tiltölulega vonlaus stefnumið þegar menn eru í samstarfi við Jón Bjarnason og félaga.

Inn í þetta tómarúm á miðjunni vill Guðmundur Steingrímsson, fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, greinilega stíga. Hann segir í Fréttablaðinu í gær að hann vilji láta á það reyna hvort ekki sé til fólk sem vilji sjá „frjálslyndan, víðsýnan, Evrópusinnaðan og grænan miðjuflokk“.

Enginn vafi leikur á að eftirspurn er eftir slíkum flokki. En Guðmundur Steingrímsson er ekki endilega rétti leiðtoginn til að safna saman óánægjufylgi sem Framsókn, Sjálfstæðisflokkur og Samfylking hafa hrakið frá sér. Til þess skortir hann bæði reynslu og þungavigt.

Tímasetningin á stofnun nýs flokks nú er heldur ekki endilega sú heppilegasta. Reynslan sýnir að ný framboð, sem hafa átt að hrista upp í flokkakerfinu, ná beztum árangri ef þau eru stofnuð skömmu fyrir kosningar og þurfa ekki að halda út langan tíma í blankheitum, í samkeppni við flokka sem eiga stóra þingflokka og fá háa ríkisstyrki.

Gatið á miðjunni er augljóslega til staðar, en Guðmundur Steingrímsson fyllir það trauðla upp á eigin spýtur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

AUNTS DESIGN
Íslensk hönnun

**Þú færð Auntsdesign bolinn til styrktar Neistanum á eftirtöldum útsölustöðum:**

Rita Bæjarlind 6 og Eddufelli 2.
Nordic Store, Lækjargata 2.
Neistinn, Síðumúla 6.
Auntsdesign-Studio, Hlíðasmára 8.
Kúnígúnd Kringlunni og Laugarveg 53.
Hús Handanna, Egilsstöðum.
Fríhöfnin - Rammagerðin.
Álafoss, Kvosinni Mosfellsbær.
Hrím Hönnunarverslun, Hofi Menningarhúsi og Kaupvangsstræti 10, 600 Akureyri.
Baðhúsið, Brautarholti 20.




www.auntsdesign.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kvikmyndaháskóli í basli

Hilmar Oddsson skólastjóri og nemendur Kvikmyndaháskólans hafa síðustu daga falast af krafti eftir aðstoð frá hinu opinbera til að halda áfram rekstri skólans sem skortir fé. Í þeim tilgangi hefur verið sett upp „staðreyndasíða“ um skólann þar sem færð eru fyrir því rök af hverju hið opinbera á að hlaupa undir bagga. Meðal annars er þar að finna fróðlegan samanburð á fjárframlagi hins opinbera til innlendra æðri menntastofnana. Á síðunni eru einnig borin saman fjárútlát hins opinbera miðað við það annars vegar að borga með skólanum og hins vegar að borga nemendum skólans atvinnuleysisbætur í heilt ár. Er niðurstaðan sú að ríkið tapi rúmri 41 milljón á ári á því að hækka ekki fjárframlag til skólans.

### Vafasamir reikningar

Þetta gengur hins vegar ekki upp. Látum vera að það gleymist að atvinnuleysisbætur eru greiddar með tryggingagjaldi sem atvinnurekendur borga en ekki ríkissjóður. Aftur á móti er afar ólíklegt að allir nemendur skólans verði á bótum næstu tólf mánuði jafnvel þótt skólinn leggi upp laupana. Það sem skiptir þó mestu er að í þessu dæmi eru ekki tekin með fjárútlát ríkisins vegna LÍN-lána nemenda en ríkissjóður ber um helming kostnaðar við þau. Síðuhöfundur kemst því að rangri niðurstöðu. Auðvitað er betra fyrir alla að fólk sæki sér nám frekar en að það hangi á bótum en umræða um málið þarf að byggja á staðreyndum.



### Söluferli í gangi

Hér var í gær fjallað um fyrirhugaða sölu á Perlunni. Af því tilefni er rétt að taka fram að borgarráð samþykkti 23. júní tillögur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um sölu á Perlunni og húseign að Bæjarhálsi 1. Það söluferli er nú í gangi.



magnusl@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Til hamingju

Sjálfstæði Eistlands



Páll Stefánsson
ritstjóri Iceland Review

Það var ánægjulegt að sjá 75.000 þúsund manns hlusta á sex tíma tónleika á hól í miðborg Tallinn á laugardagskvöldið. Og ekki vín á nokkrum manni. Tónleika sem enduðu á lagi Sinéad O´Connor, Nothing Compares 2 U, sem varð eins konar einkennislag sjálfstæðisbaráttu Eista sem lauk með fullu sjálfstæði þeirra fyrir tuttugu árum. Á miðnætti, eftir tóna írsku söngkonunnar, steig forseti Íslands á svið, og setti sérstakan Íslendingadag, til heiðurs þeirri þjóð sem gekk fyrst fram og viðurkenndi sjálfstæði Eistlands.

Það voru stórkostlegar móttökur, sem íslensku listamennirnir fengu síðan daginn eftir. Tónlist, hönnun, ljósmyndir, matur, alls staðar var fullt út úr dyrum, í dagskrá sem var öllum sem komu að skipulagningunni til mikils sóma. Og maður fann vel fyrir gríðarlegum velvilja til okkar Íslendinga frá Eistum, þjóð sem hefur verið frjáls í aðeins tuttugu ár, en það er met, því nú hefur sjálfstæðið enst ári lengur en fyrra frelsið, sem varði einungis í nítján ár, frá 1920 til 1939.

> Það er hlustað á okkur, og við erum hluti af ákvarðanatöku og regluverki þjóða Evrópu.

Og fullveldið, sjálfstæðið er þeim ALLT. Þess vegna skildu þeir ekki spurningu mína um hvort vera þeirra í Evrópusambandinu skerði ekki þeirra nýfundna frelsi.

„Nei, veran í Evrópusambandinu er trygging fyrir því að við erum þjóð meðal þjóða. Það er hlustað á okkur, og við erum hluti af ákvarðanatöku og regluverki þjóða Evrópu.“

Það eru bara rúmir sjö mánuðir síðan þeir tóku upp evru. Sem hefur strax skilað sér í 18% aukningu á erlendum fjárfestingum í landinu.

„Nú erum við loksins með alvöru gjaldmiðil, sem býr til festu fyrir heimilin, ríkið og fyrirtækin í landinu.“

Til hamingju með sjálfstæðið kæru Eistar!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Á að leyfa kristniboð í skólum?

Trúmál
Ragnar Halldórsson
ráðgjafi



Á tímum vaxandi ofbeldis, tillitsleysis, eigingirni og sálarangistar er börnum og ungu fólki fátt mikilvægara en að kynnast hjartahlýju, umburðarlyndi, fyrirgefningu og náungakærleika. Og svo vill til að þetta eru hornsteinarnir í boðskap kristinnar trúar. Því mætti spyrja á móti: Hvers vegna vill sumt fólk meina börnum og ungu fólki aðgang að þessum boðskap? Hvers vegna er hann þyrnir í augum þeirra?

### Kirkjan sem stofnun

Kannski er það kirkjunni sem stofnun að kenna. Kirkjan var og er vissulega íhaldssöm. Af og til rangsýn. Hún gleymir stundum eigin kjarna – orðum og boðskap Jesú Krists, sem fordæmdi engan. Sumum þykja einhverjir prestar stundum yfirlætisfullir. En presturinn er einn af söfnuðinum. Ekkert annað. Jafnvel þótt hann þiggi laun fyrir þjónustu sína. Og ófullkomleiki hans, yfirlæti, hégómi eða hroki er sá sami og okkar hinna sem sitjum úti í sal. Og hefur ekkert með boðskap Jesú Krists að gera nema til að staðfesta gildi hans. Sumir virðast halda að presturinn eða kirkjan hafi einkarétt á boðskap kristninnar frá Einkaleyfastofu. Auðvitað ekki. Við eigum hann öll jafnt. Og ef presturinn eða kirkjan sem stofnun hegða sér kjánalega eða ósiðlega er það fyrst og fremst vitnisburður um mannlegan breyskleika. Og allir skulu vera jafnir fyrir lögunum. Því hvað er kristin kirkja í raun? Hún er söfnuðurinn – andlegir afkomendur tólf lærisveina Krists. Og þeirra á meðal eru prestarnir og biskuparnir. Og kristin kirkja er og verður auðvitað aðeins góð og gild sem stofnun ef hún stendur vörð um kærleiksboðskap Jesú Krists, þótt hver og einn geti auðvitað tileinkað sér hann án hennar.

Þeir sem hafa bent á margvísleg rangindi kirkjunnar í gegnum aldirnar hafa oftast haft rétt fyrir sér. Því kirkjan hefur oft breytt gegn boðskap Jesú Krists, sem var hermaður kærleikans, róttækur byltingarmaður fyrir málstað hinna fátæku og fyrirlitnu og kannski fyrsti femínisti mannkynssögunnar. Jesús tók upp hanskann fyrir syndarana. Hann þvoði krjúpandi fætur fátæklinganna og betlaranna.

> Sumir virðast halda að presturinn eða kirkjan hafi einkarétt á boðskap kristninnar frá Einkaleyfastofu.

### Boðskapur Jesú

Hann boðaði ótakmarkaðan kærleika gagnvart þeim, sem okkur langar helst til að hata. Að elska þá, sem hata okkur. Það hefur enginn spámaður boðað hvorki fyrr né síðar. Og hvort sem okkur langar til að trúa á hann eða ekki þá er boðskapur hans uppbyggjandi, mannbætandi og snertir viðkvæmustu tilfinningar mannlegrar virðingar og kærleika gagnvart öðrum. Og fátt er hollara börnum og ungu fólki. „Háleitustu hugsjónir mennskunnar og dyggðanna“ sagði Dostoyevsky um kristnina. Og flestir hljóta að þroskast við að kynnast þessari setningu úr bæninni Faðir vor: „Fyrirgef oss vorar skuldir [syndir] svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum [þeim sem syndga gegn mér].“ Hér eru punktar frá Jesú sjálfum:

„Allt sem þér gjörið einum minna minnstu bræðra það gjörið þér mér. Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig. Sá yðar sem syndlaus er kasti fyrstur steini [num]. Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“ Og hér er tilvitnun í þessum anda úr Nýja Testamentinu, Kor, 13: „Þótt ég talaði tungum manna og engla, en hefði ekki kærleika, væri ég hljómandi málmur eða hvellandi bjalla. Og þótt ég hefði spádómsgáfu og vissi alla leyndardóma og ætti alla þekking, og þótt ég hefði svo takmarkalausa trú, að færa mætti fjöll úr stað, en hefði ekki kærleika, væri ég ekki neitt.“

### Saga frá götunni

Fyrir nokkrum árum var kunningi minn, sem er samkynhneigður, lamin af tveim vegfarendum seint um kvöld vegna útlits síns.

Þegar hann sagði mér frá þessu stakk ég upp á að hringja í lögregluna og kæra árásina. „Nei, nei, ekki gera það“ sagði hann. „Nú?“ spurði ég forviða og hann svaraði: „Ég hef séð þetta gerast svo oft. Og það er alltaf sama sagan. Eftir eitt eða tvö ár eru þessir hommahatarar sjálfir farnir út úr skápnum og komnir í okkar hóp“. Því spyr ég: Skyldu þeir sem hatast við hugmyndir Jesú Krists um fyrirgefningu og kærleika og vilja alls ekki að íslensk börn fái að kynnast þessum boðskap, verða fallnir fyrir honum eftir eitt eða tvö ár?

# Nú er nóg komið!

Menntamál
Kristín Elfa Gunnarsdóttir
útgáfustjóri Kennarasambands Íslands



Andlægum og linnulausum árásum á grunnskólann verður að linna – strax. Í skólabyrjun ár hvert draga fjölmiðlar upp úr pússi sínu fólk sem fannst leiðinlegt í grunnskóla eða telur sig hafa óskorað kennivald til umsagna um starfið sem þar fer fram án þess að hafa nokkurn tíma kennt á þessu skólastigi. Hvað er að okkur? Ég er bálreið.

Ég þekki vel til fjölda grunnskólakennara og þeirra starfa. Þetta er með fáum undantekningum fólk sem lætur sér annt um nemendur sína og vinnur vinnuna sína eins vel og það getur. Það vinnur langan vinnudag á vinnustað sem er flókinn og margslunginn og býður í sífellu upp á ný, óvænt og krefjandi verkefni sem þarf oft heilmikla mannúð, umhugsun og nærgætni til að leysa. Þetta er jafnframt vinnustaður þar sem fólk útvegar oft og tíðum sín eigin vinnutæki af því að engir peningar eru til fyrir pennum, glósubókum, námsbókum og tölvum.

> Gefum kennurum vinnufrið og fögnum því þegar þeir skipta sér af börnunum okkar…

Og viti menn – meirihluta nemenda finnst bara alveg ágætlega gaman í grunnskóla og líður frekar vel. Þetta sýna bæði kannanir og þetta vita líka kennarar sem taka púlsinn á sínu fólki daglega.

Það gerir hvorki börnunum okkar, kennurum né grunnskólanum nokkurn skapaðan hlut gott að vega að honum við hvert tækifæri. Þetta er þjóðlegur ósiður og grafalvarlegur atvinnurógur með slæmum afleiðingum fyrir börnin okkar.

Auðvitað má – og á – að gagnrýna grunnskólann eins og aðrar stofnanir. En það er þá væntanlega í þeim tilgangi að bæta hann, ekki satt? Er besta leiðin til þess að gera börn fráhverf námi? Að svelta skólann fjárhagslega? Að halda starfsfólki hans í stöðugri gíslingu og nagandi óvissu um störf sín og vinnustað?

Hvernig fyndist þér lesandi góður að slíta þér út í starfi sem þú fengir ekkert nema skít og skömm fyrir úti í samfélaginu? Og þá er ég ekki að meina almennt afskipta- og áhugaleysi um þín störf heldur beint og kinnroðalaust niðurrif.

Nei, nú er mál að linni. Það er allt of ódýrt að vega að kennurum og gera grunnskólann að blóraböggli þegar við erum sjálf úrræðalaus. Vinnum saman og berum virðingu hvert fyrir öðru. Gefum kennurum vinnufrið og fögnum því þegar þeir skipta sér af börnunum okkar því guð veit að þau þurfa á öllum þeim jákvæða aga og umhyggju að halda sem þeim býðst.

Það er ekkert að því að vera á annarri skoðun og takast á um málefni, kurteislega og málefnalega. En þetta eilífðarjarm gegn grunnskólanum er vægast sagt orðið þreytandi og vel það.

Geymdu þessa auglýsingu

*Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna:*

**Tölvunám sem gefur þér forskot**



**Excel nám**
Excel I: Töflureiknisnotkun • 21 stund
Excel IIa: Framhald • 18 stundir
Excel IIb: Fjármálastjórn og bókhald
Excel III: Fjölvar og forritun • 27 stundir
Pivottöflur í Excel • 5 stundir

**Outlook nám**
Outlook námskeið • 9 stundir
Outlook II: fyrir lengra komna • 9 stundir

**Word nám**
Word I: Almenn ritvinnsla • 18 stundir
Word II: Framhaldsnámskeið • 18 stundir
Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir
Dreifibréf og markpóstur • 4 stundir

**PowerPoint nám**
PowerPoint námskeið • 13 stundir
PowerPoint II: Framhald • 13 stundir

**Ljósmyndun og myndbönd**
Stafræn ljósmyndun • 13 stundir
Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 st
Photoshop Elements • 13 stundir
Stafræn myndbandagerð • 13 stundir

**Access nám**
Access I: Gagnagrunnsgerð • 21 stund
Access II: framhaldsnámskeið • 18 st

**Windows og Internet nám**
Windows 7 fyrir byrjendur • 9 stundir
Windows 7 nýjungar • 4 stundir
Internetið og tölvupóstur • 9 stundir

**Fingrasetning og hugarkort**
Fingrasetning - tölvuvélritun • 6 stundir
Hugarkort - MindMaps • 4 stundir

**Office 2010 nýjungar**
Office 2010 hvað er nýtt? • 4 stundir

**Forritunarnám**
Diplómanám í forritun • 211 stundir
Visual C# og ASP .NET forritun • 94 st
Visual C# forritun • 49 stundir
ASP .NET vefforritun • 45 stundir
Gagnagrunnsfræði • 31 stund
Silverlight forritun • 31 stund

**Tölvuþjónustunám**
Tölvuþjónustunám • 95 stundir

**Stjórnun tölvumála**
Stjórnun tölvumála • 50 stundir

**Kerfisstjórnun**
Windows 7 kerfisstjórnun • 40 stundir
Windows Server stjórnun • 60 stundir

**Verkefnastjórnunarnám**
Hagnýt verkefnastjórnun • 50 stundir
Almenn verkefnastjórnun • 36 stundir
PRINCE2 verkefnastjórnun • 18 stundir

**Vefsíðugerð**
Vefsíðugerð grunnur • 54 stundir
Vefsíðugerð og margmiðlun • 104 stundir
DreamWeaver vefsíðugerð • 27 stundir
Joomla vefsíðugerð • 18 stundir
Joomla framhaldsnám • 18 stundir
HTML og CSS grunnur • 9 stundir

**Flash nám**
Flash margmiðlun • 18 stundir
Flash II: Action Script • 18 stundir

**Photoshop nám**
Photoshop myndvinnsla • 27 stundir

**Almennt tölvunám**
Almennt tölvunám • 75 stundir
Almennt tölvunám - stutt • 54 stundir

**Tölvunám fyrir 50+**
Tölvunám fyrir 50+ • 72 stundir
Tölvunám fyrir 50+ - stutt • 40 stundir

**Bókhaldsnám**
Hagnýtt bókhaldsnám • 94 stundir
Hagnýtt bókhaldsnám II • 59 stundir
Hagnýtt bókhald I og II • 153 stundir
Excel grunnur fyrir bókhald • 5 stundir

**Skrifstofunám**
Tölvu- og bókhaldsnám • 200 stundir

PEARSON VUE Authorized Centre Select
PROMETRIC Test Centre

*Hver lína í upptalningu hér fyrir ofan á við sjálfstætt nám eða námskeið hjá okkur. Ein stund = 40 mínútur*

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Vinnumálastofnun styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.

**Einkakennsla og fyrirtæki**
Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar.
Hagstætt verð fyrir fyrirtæki á sérnámskeið.

*Skoðaðu ítarlegri upplýsingar um þessi vönduðu námskeið á vef okkar www.tv.is eða hringdu í okkur í síma 520 9000 Í fremstu röð frá 1986*

Viðurkenndur tölvu- og stjórnunarskóli í meira en 25 ár. Tölvuráðgjöf og prófmiðstöð
Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími: 520 9000 | Fax: 520 9009 | tv@tv.is
www.tv.is
TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

# Kindarleg umræða um landbúnað

Landbúnaður

Ingimundur Bergmann

vélfræðingur og bóndi



Allmikil umræða hefur að undanförnu farið fram um málefni landbúnaðarins. Umfjöllun Þórólfs Mattíassonar prófessors um landbúnaðarkerfið, sem fram kom eftir að sauðfjárbændur lögðu til að viðmiðunarverð á lambakjöti yrði hækkað um 25%, hefur átt sinn þátt í því. Verð á lambakjöti kemur ekki allt fram við búðarborðið og ekki liggur fyrir hve mikið það þyrfti að hækka til að þokkalega lífvænlegt yrði að stunda framleiðsluna, en örugglega umtalsvert meira en það sem sauðfjárbændur lögðu til. Sauðkindin er ekki afurðamikil skepna og því verður lambakjötsverð að vera hátt, enda varan eftirsótt og af flestum talin hátíðar- og hágæðafæða.

**Styrkir og lausaganga**

Styrkjakerfi landbúnaðarins, einkum það sem að sauðfjárræktinni snýr, hefur verið gagnrýnt og er það eðlilegt, þar sem tæplega er það svo, að búið sé að finna hina fullkomnu lausn í því efni og ef til vill er sá tími liðinn að þjóðin sætti sig við að framleiðslu á matvörum sé haldið uppi með styrkjum, höftum og millifærslum. Gildir þá einu hvort um er að ræða beingreiðslur, gæðastýringarálag, innflutningstolla eða framlög einstaklinga og hins opinbera til girðingaframkvæmda.

Svo sem kunnugt er, gengur sauðfé á Íslandi laust og óheft um þær lendur sem því sýnist í langflestum tilfellum og eigendur sauðfjár virðast enga ábyrgð bera á því tjóni sem fénaður þeirra veldur öðrum. Fjárheldar girðingar kosta mikla fjármuni, svo augljóst er að þar liggur mikið ómetið framlag til búgreinarinnar. Framlag kemur frá hinu opinbera en einnig þeim sem eru að reyna að verja eigur sínar og ræktun fyrir ágangi sauðkinda, sem enginn virðist bera ábyrgð á. Framlagið til gæðastýringar, sem talið var upp hér að framan, er svo eitt ómerkilegasta fyrirbrigðið í þessum styrkjaskógi, því upplýst er (m.a. í nýjasta tölublaði Bændablaðsins) að það hefur lítið sem ekkert með gæðastýringu að gera.

> Eitt er að stjórnmálamaður leyfi sér að hafa trú, sem gengur framar þjóðarhagsmunum, en að Bændasamtökin geri slíkt er með öllu ólíðandi …

Þrátt fyrir það sem hér hefur verið rakið um styrki og framlög af ýmsu tagi, þá er flestum ljóst að sauðfjárbændur eru ekki að flá feitan gölt og ekki ólíklegt að þeir séu einna verst settir allra bænda hvað tekjur af starfsemi þeirra varðar.

Því hlýtur að vera ljóst að finna verður ný úrræði. Finna nýjar leiðir til að tryggja þeim sem sauðfjárrækt stunda þokkalega afkomu og ekki síður góða sátt við samfélagið. Aðferð Bændasamtakanna að telja sér og reyna að telja öðrum trú um, að hér og nú, sé lifað í besta og fullkomnasta heimi allra heima gengur vitanlega ekki.

**Hagfræði**

Í Bændablaðinu sem út kom þann 7. júlí 2011 má lesa – í leiðara – eftirfarandi: „Innfluttur matur hefur hækkað um 62% en innlend búvara hækkaði ekki nema um 20%." Og síðar: „…tollvernd [þ.e. ísl. kjötframleiðslu] verndar kaupmátt fólks…" (!). Séu þessar tölur réttar, sem settar eru fram af HB (Haraldi Benediktssyni, formanni Bændasamtakanna?), þá sýna þær ljóslega hve illa hefur til tekist að tryggja stöðu bænda í því ölduróti sem gengið hefur yfir íslenskt samfélag undanfarin ár. Hvernig tollverndin virkar á þennan hátt, er hins vegar algjörlega óupplýst.

Spennandi verður að fá þær útskýringar sem til þarf til að skilja megi kenninguna, sem samkvæmt þessu, hefur tryggt neytendum ódýrar landbúnaðarvörur, meðan bændur sitja eftir með sárt ennið, horfandi á eignir sínar rýrna og tekjur lækka.

Bændur eru neytendur jafnt og aðrir þegnar þessa lands. Því er algjörlega óumflýjanlegt að útskýrt verði hvernig tollun af þessu tagi tryggir hag neytenda. Ef rétt reynist, þá er sjálfgefið að taka verður upp harða tollastefnu á sem flestum sviðum, sérstaklega þegar framleidd er íslensk vara sambærileg þeirri sem tolluð er!

**ESB-fælnin**

Ekki er furða þó bændaforystan berji sér á brjóst og þykist hafa gott gert og neiti alfarið að horfast í augu við að komið sé að því að stokka þurfi kerfið upp. Bændur hafa, svo dæmi sé tekið, horft á forystuna ausa fjármunum í pólitísk öfgasamtök eins og „Heimsýn" svo ekki sé nú minnst á nýlega bókaútgáfu um ESB, meðan raunverulegir hagsmunir stéttarinnar eru látnir sitja á hakanum.

Ísland hefur sótt um inngöngu í Evrópusambandið og hafnar eru samningaviðræður þar um. Hvort af inngöngu verður eða ekki, ræðst fyrst og fremst af því hvort viðunandi samningur við sambandið næst.

Bændasamtökin hafa hafnað þátttöku í því ferli og feta þar í spor Jóns Bjarnasonar landbúnaðarráðherra.

Eitt er að stjórnmálamaður leyfi sér að hafa trú, sem gengur framar þjóðarhagsmunum, en að Bændasamtökin geri slíkt er með öllu ólíðandi, þeim ber að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna, hvort sem af inngöngu í Evrópusambandið verður eða ekki.

## AF NETINU

### Keppni í þjóðrembu

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur ágætis forskot á Bjarna Benediktsson í þjóðrembunni. Segist aðeins borða íslenzkan mat, ekki innfluttan. Bjarni á eftir að ná þeim hæðum. Báðir segjast eindregið andvígir frekari viðræðum við Evrópusambandið. Reyna að marka sér stöðu sem eindregnir þjóðrembingar. Hentar flokkum, sem vilja láta kjósendur gleyma aðild þeirra að útrásinni og stuðningi við sérhagsmuni. Varla verður pláss fyrir tvo þjóðrembuflokka í næstu kosningum. Sigmundur hefur tekið forustuna með sérstæðum matarkúr. En Bjarni verður skarpari í langhlaupinu um varanlega forustu í þjóðrembunni.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

### Guðmóðirin

Jóhanna Sigurðardóttir er guðmóðir hins nýja flokks sem Guðmundur Steingrímsson ætlar að stofna. Hann er að framkvæma hugmyndina sem hún kynnti í ræðu sinni 29. maí. Frá þeim tíma hefur stöðugt sigið meira á ógæfuhliðina fyrir ríkisstjórnina og höfuðmál Samfylkingarinnar, ESB-aðildarmálið. Efnislega er ekki unnt að velja vitlausari tíma en þann sem Guðmundur Steingrímsson velur til að hefja stjórnmálabaráttu á Íslandi undir merkjum ESB-aðildar. Þótt látið sé eins og það sé „málið" er hitt sönnu nær að með skrefi sínu er Guðmundur að búa í haginn fyrir upplausn innan Samfylkingarinnar.

bjorn.blog.is

**Björn Bjarnason**

1.100.0




ÞÚ TALDIR RÉTT:
1.100 MILLJÓNIR

Fiton/SÍA

# Framtíðarþróun Landsvirkjunar

Landsvirkjun

Finnur Sveinbjörnsson
stjórnarmaður og ráðgjafi



Landsvirkjun kynnti mögulega framtíðarþróun félagsins fyrr á árinu. Í sumar birti félagið mat óháða aðilans GAM Management (GAMMA) á rekstrar- og efnahagslegum áhrifum af mismunandi framtíðarþróun. Félagið kallar eftir umræðu um þetta efni.

GAMMA-skýrslan sýnir réttmæti þeirrar ákvörðunar á sjöunda áratugnum að hefja markvissa stórvirkjun fallavatna og uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Lengst af voru markaðsaðstæður Landsvirkjun óhagstæðar því nóg var af ódýrri orku víða um heim. Þetta hefur gerbreyst og samningsstaða félagsins gagnvart orkukaupendum er sífellt að styrkjast. Þótt félagið sé stórskuldugt eftir Kárahnjúkavirkjun, blasir við að félagið verður mjög arðbært og fjárhagslega sterkt sé þess gætt að endursemja um orkuverð til stóriðju í hvert sinn sem tækifæri gefst á komandi árum. Þannig sýna útreikningar GAMMA að félagið getur greitt um 50 ma.kr. að meðaltali á ári í arð og tekjuskatt án þess að ráðast í frekari virkjanir. Þannig getur þetta haldið áfram um langan aldur því virkjanir endast áratugum lengur en sem nemur afskriftatíma þeirra.

Ljóst er af ársfundi Landsvirkjunar og kynningu félagsins á GAMMA-skýrslunni að því hugnast best að tvöfalda raforkuvinnslu sína á næstu 15 árum. Þetta gerist ekki nema til komi mikil uppbygging hjá núverandi og nýjum orkukaupendum. Í grófum dráttum myndi slík uppbygging tvöfalda möguleika félagsins til að greiða arð og tekjuskatt til ríkissjóðs. Slíkt kann að hljóma vel, sérstaklega þegar þessar fjárhæðir eru settar í samhengi við núverandi útgjöld ríkissjóðs til ýmissa málaflokka.

Tvöföldun raforkuvinnslu Landsvirkjunar kallar á mikla fjárfestingu og umsvif, mun meiri en margir átta sig eflaust á. Samkvæmt GAMMA-skýrslunni mun fjárfesting í virkjunum og hjá orkukaupendum nema um 115 ma.kr. á ári þegar hæst lætur á tímabilinu 2015-2019. Til samanburðar nam samanlögð fjárfesting í Kárahnjúkavirkjun og álveri á Reyðarfirði um 259 ma.kr. (á núgengi krónunnar) á fjórum árum. Meðaltalið var því um 65 ma.kr. á ári og þótti mörgum nóg um. Framtíðarhorfur í íslenskum þjóðarbúskap eru sem betur fer afar bjartar. Gott gengi margra annarra atvinnugreina á sama tíma og ráðist yrði í kröftuga uppbyggingu raforkuvinnslu er eingöngu ávísun á enn eitt þensluskeiðið með tilheyrandi efnahagsvanda. Fram hjá því verður nefnilega ekki litið að lítil von virðist vera um samstöðu um grundvallarbreytingu á fyrirkomulagi gjaldmiðilsmála, peningamála, ríkisfjármála og verðtryggingar, þótt slíkt sé brýnt og ráði miklu um hagsæld þjóðarinnar.

> Ná þarf víðtækri sátt um uppbyggingu allrar raforkuvinnslu í landinu. Hún má ekki einskorðast við rammaáætlunina. Viðbúið er að Landsvirkjun og aðrir orkuframleiðendur bítist um þau vinnslusvæði sem verða heimiluð…

Afstaða mín til mögulegrar framtíðarþróunar Landsvirkjunar er þessi:

- Fyrst og fremst ber Landsvirkjun skilyrðislaust að nýta öll tækifæri sem gefast til að hækka orkuverð til stórnotenda í samræmi við þróun erlendis. Þetta er vænlegasta leiðin til að auka arðsemi félagsins til hagsbóta fyrir þjóðina.
- Tvöföldun raforkuvinnslu á næstu 15 árum er of geyst farið. Framtíð Landsvirkjunar er þegar björt og mun skila miklum ávinningi. Sjálfsagt er að nýta sterka stöðu félagsins til kröftugrar uppbyggingar á næstu þremur til fimm árum á meðan efnahagslífið réttir úr kútnum. Eftir það er jafnsjálfsagt að rifa seglin.
- Ná þarf víðtækri sátt um uppbyggingu allrar raforkuvinnslu í landinu. Hún má ekki einskorðast við rammaáætlunina. Viðbúið er að Landsvirkjun og aðrir orkuframleiðendur bítist um þau vinnslusvæði sem verða heimiluð í rammaáætluninni og hver þeirra mun vilja virkja sem hraðast og mest. Orð Rögnu Árnadóttur, skrifstofustjóra Landsvirkjunar, í útvarpsþættinum Vikulokin 9. júlí sl. sýna að það er fyllsta ástæða til að óttast þetta: „Að fólki finnist að Landsvirkjun sé framkvæmdaglöð. Jú, það getur hún vel verið. En Landsvirkjun er nú líka orkuframleiðandi og það er samkeppni um orkuframleiðslu þannig, að hérna, ef að við myndum hverfa af einu svæði, þá bara kemur einhver annar inn, þannig að það er náttúrulega í rauninni gallinn. Hvað náttúrufar snertir, þá er það auðvitað ákveðinn ókostur."
- Arðgreiðslur Landsvirkjunar renni í auðlindasjóð sem fjárfesti eingöngu erlendis. Ótvíræðir kostir slíks sjóðs eru tíundaðir í GAMMA-skýrslunni án þess að gert sé ráð fyrir greiðslum í hann. Ég nefni einnig þann möguleika að nýta arðgreiðslurnar um tiltekið árabil til að lækka ógnvekjandi halla á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samhliða því sem lífeyriskerfi opinbers starfsfólks, bankastarfsfólks og annarra launþega verði samræmd.
- Sátt um framtíðarþróun Landsvirkjunar þarf að njörva niður með einhverjum hætti og einangra frá dægursveiflum stjórnmálanna. Eins ætti hiklaust að auka enn frekar fjölbreytni í stjórn félagsins og sjálfstæði frá stjórnmálunum, m.a. með því að fá útlendinga í stjórn þess.

## AF NETINU

### Ríkisstjórnin á helgartilboði

Ríkisstjórnin ætlar að selja sig á vikulegu helgartilboði til að halda meirihluta á alþingi. Össur Skarphéðinsson er höfundur að þessari neyðaráætlun. Össur leggur Guðmundi Steingrímssyni lið við að flokksstofnun – til að auka eftirspurn eftir helgartilboðum ríkisstjórnarinnar.

Neyðaráætlunin varð til í kjölfar hótunar Þráins Bertelssonar um að styðja ekki ríkisstjórnina nema vinir hans fengu peninga til að reka kvikmyndaskóla. Ríkisstjórnin er aðeins með eins atkvæðis meirihluta á þingi og vinir Þráins eru margir og dýrir á fóðrum.

Helgartilboð ríkisstjórnarinnar er að falbjóða aðgang að framkvæmdavaldinu gegn stuðningi við mikilsverð mál. Össur var nýverið á fundi með þingmönnum Hreyfingarinnar og lagði þar drög að tilboði.

Með Guðmund Steingrímsson sem óháðan þingmann og væntanlegan flokksformann er ríkisstjórnin búin að tryggja sér nýjan viðskiptavin fyrir helgartilboðin sem hefjast í haust þegar alþingi kemur saman.

pallivil.blog.is
**Páll Vilhjálmsson**

### Guðmundur farinn

Ef okkur hugnast ekki stefna eða forysta flokksins þá eru ýmsar leiðir til að bregðast við því.

Ein getur verið að gefast upp og fara. Önnur getur verið að vera sú breyting sem maður vill sjá innan flokksins.

Því flokkurinn okkar er aldrei neitt annað en fólkið sem starfar í honum.

blog.eyjan.is/eyglohardar
**Eygló Harðardóttir**

100.000.000
+1.000.000.000

00.000

Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.000 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 24. ÁGÚST 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

# tímamót

timamot@frettabladid.is



93 **JENNA JENSDÓTTIR RITHÖFUNDUR** er 93 ára

*„Við erum alltaf að brosa með sjálfum okkur. Hvers vegna brosum við ekki með öðrum?“*

---



†

*Frænka okkar og vinkona,*

**Áslaug Hafliðadóttir**

lyfjafræðingur,
Bjarkargötu 12, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 21. ágúst. Jarðarförin auglýst síðar.

**Hjördís, Jóhanna, Anna Jóna og Óskar Óskarsbörn og fjölskyldur**
**Svanhildur Magnúsdóttir og fjölskylda**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Gísladóttir**

frá Selnesi, Gullsmára 5, Kópavogi,

andaðist mánudaginn 22. ágúst á St. Jósepsspítala. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ingibjörg Óskarsdóttir**
**Helgi Óskar Óskarsson** **Kristín Þorkelsdóttir**
**Þröstur Óskarsson** **Guðrún Margrét Karlsdóttir**
**Svala Óskarsdóttir** **Bjarni Sævar Geirsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



†

*Ástin mín, elskuleg móðir, dóttir, systir og mágkona,*

**Sigurlína Bjarnadóttir**

Miklubraut 74, Reykjavík,

lést á heimili sínu mánudaginn 22. ágúst.
Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 31. ágúst kl. 15.00.

**Sigurður Pétursson**
**Ívar Blöndal Björnsson**
**Gróa Valdimarsdóttir**
**Valdimar Bjarnason** **Unnur Edda Müller**
**Berta Karen Rumens**
**Kristmundur Már Bjarnason**
**Bjarni Steinar Bjarnason**
**Arnar Bjarnason** **Áslaug Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**

---

†



*Hjartans þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskuðu eiginkonu, móður, dóttur, systur og tengdadóttur,*

**Ragnheiðar Jónu Ármannsdóttur**

Akraseli 6, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fá Heimahlynning, Heimahjúkrun, líknardeildin í Kópavogi og allir aðrir sem önnuðust hana af alúð og umhyggju og veittu stuðning á einn eða annan hátt í veikindum hennar. Einnig skátafélagið Segull, aðrir skátar, Hjálpræðisherinn, vinir og vandamenn sem heiðruðu minningu hennar á einstakan hátt við útförina.

**Trond Are Schelander**
**Ármann Schelander**
**Knut Egil Schelander**
**Katrín Eyjólfsdóttir og Ármann Gunnlaugsson**
**Eyjólfur Ármannsson**
**Synnove Ármannsson Wang og Leif Ole Wang**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Sigurðardóttir**

sem lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, laugardaginn 20. ágúst verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 13.00. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild V2 á Grund fyrir kærleiksríka umönnun.

**Sigríður Einarsdóttir** **Sigvaldi Þór Eggertsson**
**Guðjón Einarsson** **Bryndís Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Markússon**

fyrrv. framkvæmdastjóri,

f. 16. september 1929, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 22. ágúst sl.
Sigurður verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 1. september kl. 13.00.

**Ingiríður Árnadóttir**
**Guðríður St. Sigurðardóttir**
**Guðbrandur Sigurðsson**
**Einar Sigurðsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Sigurjónsson**

áður til heimilis í Zeuthenshúsi, Eskifirði,

andaðist á Dvalarheimilinu Hulduhlíð að kvöldi fimmtudagsins 18. ágúst. Útförin fer fram frá Eskifjarðarkirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 14.00.

**Þorbjörg Eiríksdóttir**
**Edda Einarsdóttir**
**Sigurjón Einarsson** **Margrét Jónsdóttir**
**Ása Einarsdóttir** **Ólafur Bjarnason**
**Signý Einarsdóttir** **Örn Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna fráfalls og útfarar eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Einars Þórðarsonar**

Hrafnistu v/Kleppsveg, áður til heimilis að Klapparstíg 7, Reykjavík,

sem andaðist þriðjudaginn 12. júlí.

**Jensína Ólafía Sigurðardóttir**
**Guðlaug Þóra Einarsdóttir**
**Auðunn Sæberg Einarsson** **Fríður Svanborg Sigursteinsdóttir**
**Bríet Einarsdóttir** **Reynir Einarsson**
**og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



**NÝTIR VIÐURKENNINGU TIL UPPBYGGINGAR** Jón Jónsson hefur unnið að menningarmálum á Vestfjörðum um langt skeið. MYND/DAGRÚN ÓSK JÓNSDÓTTIR

## JÓN JÓNSSON: HLÝTUR SAMFÉLAGSVIÐURKENNINGUNA LANDSTÓLPANN

# Eflir vestfirskt menningarstarf

Bandaríski sjónvarpsrisinn HBO staðfesti í gær tvo nýja tökustaði fyrir aðra þáttaröð af Game of Thrones, sem slegið hafa rækilega í gegn hjá sjónvarpsáhorfendum um allan heim. Fréttablaðið sagði frá þessum áformum í síðustu viku en nú hefur formleg staðfesting verið send út.

Króatía varð fyrir valinu í sumartökur en Ísland verður notað fyrir kaldari senur. Á fréttavef Entertainment Weekly kemur fram að Ísland eigi að vera notað fyrir svæðið norðan Veggsins sem Jon Snow og Næturverðir hans kanna. Blaðamaður Entertainment Weekly lýsir því jafnframt yfir að þetta sýni glögglega þann mikla metnað sem lagður er í þættina, það hljóti að vera einsdæmi að sjónvarpsþættir séu teknir upp í þremur löndum á tímum tölvutækni en aðalbækistöðvar tökuliðsins verða á Norður-Írlandi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eiga tökurnar að standa yfir í hálfan mánuð og því ljóst að þetta er umfangsmikið verkefni. Þá er jafnframt ágætis möguleiki á því að íslensk karlmenni sem telja sig lipur með sverð eigi möguleika á því að fá statistahlutverk. Hins vegar er enn ekki orðið ljóst hversu margir munu koma að þessu tökum. Þetta er annað stóra tökuverkefnið sem berst til Íslands á skömmum tíma því fyrr í sumar tók leikstjórinn Ridley Scott upp senur fyrir kvikmynd sína Prometheus við Heklu og Dettifoss. Ekki liggur hins vegar fyrir hvar tökulið Game of Thrones hyggst athafna sig. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins mun framleiðslufyrirtækið Pegasus aðstoða tökuliðið en forsvarsmenn fyrirtækisins vildu ekkert tjá sig um málið.

freyrgigja@frettabladid.is

Bíó ★★

**Conan the Barbarian**

Leikstjóri: Marcus Nispel

**Aðalhlutverk:** Jason Momoa, Rachel Nichols, Stephen Lang, Rose McGowan, Ron Perlman

## Brjóst, blóð og barbarismi



Fyrsta sagan um villimanninn Conan var prentuð fyrir tæpum 80 árum og síðan hefur hann birst reglulega í bókum, teiknimyndasögum og á hvíta tjaldinu. Margir muna eftir kvikmyndunum tveimur þar sem vöðvabúntið Arnold Schwarzenegger túlkaði þessa vinsælu hetju, en nú eru komnar nýjar hreðjar í loðbrókina.

Jason Momoa er ágætur sem Conan. Hann er fimari en forveri hans og virðist hafa sæmilega gaman af þessu. Kvenhetjan er lítið merkileg og illmennið höfum við séð margsinnis áður. Það er þá helst dóttir illmennisins sem nær að vera eftirminnileg, en hún er gríðarlega blóðþyrst og miskunnarlaus. Ofbeldið í myndinni er mikið og ljótt. Að sama skapi gefur það myndinni hressilegan B-myndablæ, þó að stafrænar blóðsletturnar verði þreytandi til lengdar.

Conan the Barbarian er klisjukennd og óvönduð. Hún nær þó að vera skemmtileg á köflum og virðist vera að einhverju leyti meðvituð um eigin fáránleika. Byrjunaratriðið er til dæmis drepfyndið, en þar sjáum við dramatískan Ron Perlman skera barnungan gúmmí-Conan úr maga deyjandi móður sinnar í miðjum bardaga. Er atriðið grín? Það hlýtur að vera.

Ég hafði hugsað mér að vera rausnarlegur í þágu „bjésins" en í lokakafla myndarinnar fór gamanið heldur að kárna. Lokauppgjörið er óspennandi langavitleysa og afhjúpar handritið endanlega sem þá hrákasmíð sem það er.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Fyndin mynd og fjörug, ef maður fer heim í hléi.



**SAMAN Í FRÍ** Brooke Mueller og Charlie Sheen eru saman í fríi og vilja reyna að vera góðir foreldrar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Í fríi með fyrrverandi

**Vandræðagemlingurinn Charlie Sheen og fyrrverandi eiginkona hans, Brooke Mueller, hafa ákveðið að grafa stríðsöxina ef marka má síðustu fregnir. Þessa dagana eru hjónin fyrrverandi stödd í Mexíkó í fríi ásamt tveggja ára tvíburabræðrunum sem þau eiga saman. Sheen segir þau ekki ætla að taka saman aftur heldur séu þau einungis „góðir vinir sem eru að reyna að vera góðir foreldrar".**

**Mueller og Sheen skildu fyrr á þessu ári og gekk mikið á í aðdraganda skilnaðarins. Til að mynda var Mueller á tímabili hrædd um líf sitt vegna drykkju og hótana Sheens.**





LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| CONAN THE BARBERIAN | 8 og 10.20 |
| COWBOYS & ALIENS | 7.30 og 10 |
| STRUMPARNIR - 3D | 5.30 - ISL TAL |
| CAPTAIN AMERICA - 3D | 7.30 |
| BRIDESMAIDS | 5 og 10 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| LARRY CROWNE Luxus VIP | kl. 8 - 10.20 | 2D | VIP |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 14 |
| GREEN LANTERN | kl. 5:40 - 8 - 10.20 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES Luxus VIP | kl. 5.30 | 2D | VIP |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | kl. 5.30 | 3D | L |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | kl. 5.30 | 2D | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 - 10.40 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| GREEN LANTERN | kl. 5:40 - 10:30 | 3D | 12 |
| LARRY CROWNE | kl. 8 | 2D | L |
| CARS 2 m/ísl tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 2D | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| CONAN THE BARBARIAN | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 10:20 | 14 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE SMURFS m/ísl tali | kl. 5:20 | 3D | L |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 8 - 10:40 | 2D | 14 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 2D | 12 |
| GREEN LANTERN | kl. 10:20 | 3D | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 5:20 | 2D | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 3D | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | kl. 5:20 - 10:45 | 3D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 7 |
| LAST DAYS OF THE ARTIC | kl. 6 - 10:10 | 2D | VIP |
| SMURFS M/ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | 14 |
| GREEN LANTERN | kl. 10.30 | 3D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 2D | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 3D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 8 | 7 |
| COWBOY'S & ALIENS | kl. 10:20 | 14 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 12 |
| BAD TEACHER | kl. 10:10 | 14 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ONE DAY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ONE DAY LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 5.25 - 10.20 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| RISE OF THE PLANETS OF THE APES | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | KL. 8 - 10.20 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| GREATEST MOVIE EVER SOLD | KL. 7.30 Q/A | L |
| CONAN THE BARBARIAN | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| ONE DAY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL. 5.40 | L |
| THE SMURFS 2D ENS. TAL | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL.10.35 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| CONAN THE BARBARIAN | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 6 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 6 | 12 |

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS / www.bioparadis.is / midi.is

MIÐVIKUDAGUR: ■ *ANDLIT NORÐURSINS* 18:00, 20:00, 22:00 ■ANIMAL KINGDOM 17:50, 20:00, 22:10 ■ *FÍASKÓ(FIASCO)* 18:00 ■ *BRIM(UNDERCURRENT)* 20:00 ■ *SÍÐASTI VALSINN (LAST WALTZ: THE COD WARS) 22:00* ■MARY & MAX 18:00 ■HOWL 20:00 ■MONSTERS 22:00
ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*


HREINLÆTISTÆKI
– gæði og gott verð
EN: 1111:1998
CE
NAPOLI hitastýrt sturtusett
26.900
CERAVID WC- Kassi hnappur og seta. Þýsk gæðavara.
38.900
+
PARIS innrétting með handlaug og spegli. Hvít, wengue og sebra
22.495
45x30x35 cm, spegill 45x65 cm
6 mm Hert öryggisgler
Sturtuklefi 80x80x195cm með botni, vatnslás og botnventli
39.900
STURTUSETT FYLGIR
Einnig fánlegur í 90x90x195cm SAMA VERÐ
Fæst einnig í rúnnaðri útfærslu
CERAVID baðkar 170x75 cm
18.900
NAPOLI hitastýrð blöndunartæki f. baðkar
10.995
CE
25.900
Vitra
Grand Scandinavia m. setu
AQUA 35cm
12.900,-
EURO handklæðaofn kúptur króm 50x80 cm
13.490
6 mm Hert öryggisgler
MILAN sturtuhorn 90x90 cm eða 80x80 cm með botni. Vatnslás og botnventill fylgja.
22.900
CALIFORNIA innrétting og spegill
39.900
hár skápur 29.900
(fáanlegt í hvítu og Wengue)
6 mm Hert öryggisgler
FC 504 Sturtuhorn 90x90 cm
32.900
VITRA Slope blöndunartæki
10.900
SAFIR sturtusett
2.595
NAPOLI hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu
11.900
CE
Flísa&Bað
MARKAÐURINN
Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laugard. 11-16.

# sport

sport@frettabladid.is



**VALUR OG ÞÓR/KA** voru í pottinum þegar dregið var í 32-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í kvennaflokki í gær. Valur mætir Glasgow City FC frá Skotlandi og Þór/KA mætir Turbine Potsdam frá Þýskalandi. Róðurinn verður þungur fyrir Akureyrarliðið því Potsdam komst í úrslit keppninnar í ár og vann hana í fyrra. Fyrri leikirnir fara fram 28. september.

## ÚRSLIT

*1. deild karla*

Fjölnir - KA 3-0

1-0 Gunnar Valur Gunnarsson (27.), 2-0 Bjarni Gunnarsson (29.), 3-0 Bjarni Gunnarsson (83.).

*Meistaradeild Evrópu*

**FORKEPPNI, SÍÐARI LEIKIR**

**Villarreal - Odense BK 3-0**

1-0 Giuseppe Rossi (50.), 2-0 Guiseppe Rossi (50.), 3-0 Carlos Marchena (82.)

Villareal fer áfram samanlagt 3-1.

**FC Zürich - FC Bayern 0-1**

0-1 Mario Gomez (7.)

Bayern fer áfram samanlagt 3-0.

**APOEL Nicosia - Wisla Krakow 3-1**

APOEL fer áfram samanlagt 3-2.

**Genk - Maccabi Haifa 2-1**

Genk áfram eftir vítaspyrnukeppni.

**Malmö FF - Dinamo Zagreb 2-0**

Dinamo fer áfram samanlagt 4-3.

*Sigurliðin tryggðu sér sæti í riðlakeppninni.*



**MARKASKORARI?** Guðmundur Kristjánsson er skráður fyrir jöfnunarmarki Blika sem stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pepsi-deild karla:

## Óvissa með markaskorara

**FÓTBOLTI** Níu mörk voru skoruð í fjórum leikjum í Pepsi-deild karla á mánudagskvöld. Tvö markanna voru þess eðlis að erfitt hefur reynst að skera úr um hverjir skoruðu mörkin.

Að loknum 3-1 sigri Fram á Val töldu flestir að Skotinn Steve Lennon, leikmaður umferðarinnar, hefði skorað þrennu. Þegar leikskýrslan var staðfest af KSÍ í gær hafði síðasta mark Framara verið skráð sem sjálfsmark Atla Sveins Þórarinssonar. Þrenna Lennons breyttist því í tvennu með einu pennastriki.

Enn ríkir óvissa um hver skoraði jöfnunarmark Blika á Árbæjarvelli í 2-1 sigri á Fylki. Í fyrstu var talið að Guðmundur Kristjánsson hefði skorað en Blikar virðast sammála því að Árni Vilhjálmsson hafi átt síðustu snertingu.

„Mér sýndist hann hafa viðkomu í öðrum leikmanni (en Guðmundi) og er sjálfsagt að endurskoða þetta,“ sagði Magnús Þórisson, dómari leiksins. - ktd



Íslendingaliðið byrjar vel:

## AGK vann fyrsta titilinn

**HANDBOLTI** Íslendingaliðið AG Kaupmannahöfn vann 30-27 sigur á Århus GF í viðureign dönsku meistaranna og bikarmeistaranna í gærkvöldi.

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði sex mörk fyrir Kaupmannahafnarliðið og Snorri steinn Guðjónsson fjögur.

Arnór Atlason og Ólafur Stefánsson léku ekki með AG vegna meiðsla. - ktd

# Við getum bjargað okkur

**Steven Lennon skoraði tvö mörk í 3-1 sigri Fram á Val í fyrrakvöld og er leikmaður 16. umferðar Pepsi-deildar karla. Fram er enn í fallsæti en Lennon segir að liðið geti enn bjargað sér frá falli. Hann segist ánægður með lífið á Íslandi.**

**FÓTBOLTI** Steven Lennon er leikmaður 16. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann skoraði tvö mörk og átti stóran þátt í því þriðja þegar Fram vann 3-1 sigur á Val í fyrrakvöld. Þetta var aðeins annar sigur Fram í sumar en Lennon skoraði einmitt sigurmarkið í hinum sigurleiknum – gegn Víkingi 18. júlí. Alls hefur hann skorað nú fjögur mörk í sex leikjum.

„Þetta var góður leikur. Ég held að liðið sé að ná betur saman,“ sagði Lennon við Fréttablaðið. „Það hafa nýir leikmenn verið að koma inn eins og Sam Hewson og vonandi tekst okkur að halda áfram á þessum nótum.“

### Gott að vera hjá Fram

Hann segir að sér líði vel á Íslandi og hjá Fram. „Það er erfitt að koma til nýs lands en ég þekkti Alan Lowing frá því að við vorum hjá Glasgow Rangers saman og svo var Sam Tillen hér fyrir. Það auðveldaði málin talsvert og ég nýt verunnar hjá Fram.“

Fram hefur þó verið í miklu basli í allt sumar og er nú sex stigum frá öruggu sæti. Hann segir þó að liðið hafi enn tíma til að bjarga sér frá falli úr Pepsi-deildinni.

„Við vorum með þrjú stig þegar ég kom en mér finnst þjálfarinn nú vera kominn með lið sem getur staðið sig betur. Við eigum aftur leik í næstu viku og vonandi tekst okkur að halda áfram að safna stigum þá,“ sagði hann en Fram mætir toppliði KR á mánudaginn kemur. „Það er enn nægur tími til stefnu. Það eru enn sex leikir eftir og við eigum eftir að spila við lið eins og Grindavík, Keflavík og Þór. Ef okkur tekst að halda okkur nálægt þeim liðum er allt mögulegt.“

### Rétt að halda Þorvaldi

Þorvaldur Örlygsson hefur náð góðum árangri með Fram undanfarin ár en mikill viðsnúningur hefur verið á því í sumar. Stjórn Fram hefur þó haldið tryggð við Þorvald og segir Lennon að það hafi verið rétt ákvörðun.

„Það er gott að spila fyrir Þorvald og leikmönnunum líður vel undir hans stjórn. Það var gott að vinna þennan leik fyrir hann,“ sagði Lennon. „Hann hefur náð að styrkja liðið með leikmönnum í sumar og það sést best á spilamennskunni.“

Lennon er einn fjölmargra Breta sem spila á Íslandi um þessar mundir en hann segir það góðan kost fyrir marga unga stráka að kom til Íslands til að fá að spila. „Margir alast upp hjá stórum félögum þar sem ríkir mikil samkeppni og erfitt að komast upp í aðalliðið. Því er gott að komast til Íslands og sýna hvað maður getur. Ég vona að þetta reynist gæfuskref fyrir minn knattspyrnuferil. Ég vil standa mig vel og vona að það veki eftirtekt.“

Lennon skrifaði undir samning sem gildir til loka leiktíðarinnar en hann útilokar ekki að vera hér áfram. „Ég mun ræða við félagið eftir nokkrar vikur og þá verður tekin ákvörðun um framhaldið. En mér líður vel á Íslandi.“

### Fékk ekki þrennuna

Lennon var reyndar fyrst sagður hafa skorað þrennu fyrir Fram gegn Val en við nánari eftirgrennslan kom í ljós að þriðja mark liðsins var sjálfsmark Atla Sveins Þórarinssonar.

„Já, ég heyrði af því að það sé búið að taka af mér markið og líklega er það rétt að boltinn hafi farið af miðverðinum. En í mínum huga er þetta þrenna – þó það nái líklega ekki lengra en það,“ segir hann í léttum dúr.

eirikur@frettabladid.is





**STEVEN LENNON** Skoraði ekki þrennu gegn Val eins og greint var frá í fyrstu en er þó leikmaður umferðinnar hjá Fréttablaðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Það er gott að spila fyrir Þorvald og leikmönnunum líður vel undir hans stjórn.
>
> **STEVEN LENNON** LEIKMAÐUR FRAM

## Lið 16. umferðarinnar

| | |
|---|---|
| **Markvörður:** | |
| Srdjan Rajkovic | Þór |
| **Varnarmenn:** | |
| Kristján Valdimarsson | Fylkir |
| Kári Ársælsson | Breiðablik |
| Mark Rutgers | Víkingur |
| Sam Tillen | Fram |
| **Miðvallarleikmenn:** | |
| Þórarinn Ingi Valdimarsson | ÍBV |
| Matthías Vilhjálmsson | FH |
| Halldór Orri Björnsson | Stjarnan |
| **Sóknarmenn:** | |
| Steven Lennon | Fram |
| Atli Viðar Björnsson | FH |
| Guðjón Baldvinsson | KR |



**Í VANDA** Rúnar Kristinsson verður án lykilmanna í stórleiknum gegn ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skúli Jón frá í 2-3 vikur:

## Meiðslalistinn lengist hjá KR

**FÓTBOLTI** Þónokkuð er um meiðsli í herbúðum KR en í fyrrakvöld urðu þrír leikmenn að fara meiddir af velli þegar liðið gerði 1-1 jafntefli við Stjörnuna.

Skúli Jón Friðgeirsson varnarmaður tognaði aftan í læri og verður frá næstu 2-3 vikurnar hið minnsta. „Það getur verið að ég verði orðinn góður eftir landsleikjafríið en það getur líka vel verið að ég verði lengur frá. Ég vona auðvitað að ég þurfi ekki nema 2-3 vikur til að jafna mig því það væri skelfilegt að missa af restinni af tímabilinu,“ sagði Skúli Jón í gær. Það er ljóst að hann missir af toppleik KR og ÍBV á morgun.

Óskar Örn Hauksson spilar ekki meira á tímabilinu vegna meiðsla og þá voru þeir Gunnar Örn Jónsson og Magnús Már Lúðvíksson ekki á skýrslu gegn Stjörnunni vegna meiðsla. Bjarni Guðjónsson spilaði þó allan leikinn þrátt fyrir að vera ekki 100 prósent heill heilsu.

Þeir Viktor Bjarki Arnarsson og Björn Jónsson létu báðir skipta sér út af velli vegna meiðsla í fyrrakvöld en Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, var vongóður um að þeir myndu spila gegn ÍBV. - esá

Óvíst hvort Gylfi Einarsson getur spilað meira með Fylki á tímabilinu:

# Hefur átt erfitt með gang eftir leiki

**FÓTBOLTI** Gylfi Einarsson hefur lítið spilað með Fylki að undanförnu en hann hefur átt við erfið meiðsli að stríða. Fylkismenn hafa verið í frjálsu falli í Pepsi-deildinni en þeir hafa verið duglegir að missa menn í leikbönn og meiðsli. Þar að auki fór Andrés Már Jóhannesson utan í atvinnumennsku.

Gylfa er sárt saknað á Fylkismiðjunni en hann sneri aftur í Árbæinn úr atvinnumennskunni fyrir tímabilið. Fylkir hefur aðeins unnið einn af síðustu níu leikjum sínum í Pepsi-deild karla.

„Í síðustu 3-4 leikjum hef ég verið á annarri löppinni og þarf einfaldlega að hvíla mig í bili,“ sagði Gylfi við Fréttablaðið í gær. „Ég hef meira að segja átt erfitt með gang eftir leiki. Það er ekki sniðugt og því ætla ég aðeins að bíða og sjá til.“

Gylfi hefur verið að glíma við meiðsli í mjöðm undanfarin ár og segir að meiðslin nú séu ekki ný af nálinni. „Þetta er bara meira af því sama. Ég hef bara verið að þrjóskast áfram. Þetta er einfaldlega slit og ég er með lítið brjósk eftir. Ég er orðinn mjög stífur og kemst mjög stutt í hverri hreyfingu. Ég næ ekki að teygja mig eins vel og ég ætti að geta í allar áttir og má líkja þessu við kylfing sem getur ekki sveiflað kylfunni eðlilega.“

Hann neitar því ekki að hafa íhugað að hætta alfarið knattspyrnuiðkun. „Já, auðvitað hef ég íhugað það en ég vil ekki gefast upp alveg strax. Maður verður jú líka að vera skynsamur og rústa hreinlega ekki líkamanum.“

Gylfi segist því einfaldlega ekki vita hvað taki við hjá sér. „Þetta er bara pattstaða eins og er. Ég hef reynt að halda mér í æfingu í rólegheitum en samt á mjög rólegum hraða.“



**GYLFI** Hefur verið mikilvægur Fylkisliðinu á tímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann hefur reynt að leggja sitt af mörkum til Fylkisliðsins með öðrum hætti. „Ég hef verið með sóknarmennina á séræfingum að undanförnu og reynt að hjálpa til þannig. Það hefur verið gaman,“ sagði Gylfi en hann hefur þó ekki í hyggju að mennta sig sem knattspyrnuþjálfara. „Þó maður viti aldrei þá heillar þetta mig ekki í augnablikinu.“

Gylfi spilaði í fyrstu ellefu deildarleikjum Fylkis á tímabilinu en hefur misst af þremur af síðustu fimm. Liðið er í sjöunda sæti deildarinnar með nítján stig. - esá



© 2011 adidas AG. adidas, the 3-Bars logo and the 3-Stripes mark are registered trademarks of the adidas Group.





> **Ewan McGregor**

„Ég hef gaman af því að dansa en geri það ekki um helgar. Ég er ekki mikill djammari.“

***Ewan McGregor leikur í stórmyndinni Angels & Demons, sem byggð er á skáldsögu Dans Brown og fjallar um prófessorinn Robert Langdon sem fenginn er til að lesa úr ýmsum vísbendingum til að finna stórhættulegt vopn sem gæti drepið milljónir manna. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR ANN ÁRVISSUM FRÉTTUM

# *Góðar fréttir og slæmar*

Árstíðabundnar fréttir eru í miklu uppáhaldi hjá mér. Mig langar alltaf mikið til að vita hvernig spáin er fyrir sautjánda júní, hvert straumurinn liggur um verslunarmannahelgina og hvernig berjasprettan er. Ég les af áhuga fréttir af undirbúningi Gay pride, fréttir af skólabyrjun, sláturtíð og jólaundirbúningi. Eins lítið gaman og ég hef af rútínu þá vekur þessi fréttarútína hjá mér öryggiskennd og vellíðan. Sumar árvissar fréttir hafa þó ekki hlotið náð fyrir augum mínum.

Til að mynda fréttir af Reykjavíkurmaraþoninu. Mér hefur verið frekar mikið sama um hversu margir taka þátt og fyrir hvaða málstað frægðarfólkið ætlar að hlaupa. Þangað til nú í ár.

Eftir að sú hugmynd kviknaði hjá mér að reyna að spreyta mig við tíu kílómetra hlaup fór ég að gjóa augunum á þessar fregnir. Á sama tíma hætti ég að bölsótast út í allt hlaupafólkið sem er alls staðar sýnilegt er líða tekur á sumarið. Þegar mér svo tókst að yfirvinna óttann við að verða troðin undir í mannhafinu og skráði mig í hlaupið héldu mér engin bönd. Ég fylgdist grannt með fréttum af undirbúningi hlaupsins. Ég horfði á allar fréttir um hlaupið og lá yfir úrslitunum á netinu. Ef það hefði verið hægt að horfa á upptöku af öllum koma í mark hefði ég pottþétt horft á það.



Hins vegar nennti ég ekki að lesa fréttir af ólátunum á Menningarnótt. Elska mín til árstíðabundinna frétta nær ekki til þeirra. Mér þykir það nefnilega svo ergilegt að það sé ekki hægt að viðhalda jákvæðum anda morgunsins og dagsins fram á nótt. Að alltaf þurfi þessi indæli dagur að enda í fylleríi og látum. Kannski ættu aðstandendur hátíðarinnar að taka kvölddagskrá Menningarnætur til endurskoðunar eins og rætt hefur verið um. Það gæti haft þær góðu afleiðingar að hinar árvissu fréttir snerust um hversu vel hefði tekist til án þess að fyllerí kæmi nokkuð við sögu.

## RÚV

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Loftslagsvinir** (3:10) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (31:35)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (6:10)
**18.30 Gló magnaða** (5:10)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Læknamiðstöðin** (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**21.00 Hringiða** (8:8) (Engrenages II) Franskur sakamálamyndaflokkur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Kviksjá** (Foreldrar) Sigríður Pétursdóttir kynnir Foreldra.
**22.25 Foreldrar** Bíómynd eftir Vesturport og Ragnar Bragason sem leikstýrir. Meðal leikenda eru Ingvar E. Sigurðsson, Nanna Kristín Magnúsdóttir og Víkingur Kristjánsson.
**23.45 Kviksjá**
**23.55 Landinn** (e)
**00.25 Kastljós** (e)
**01.05 Fréttir** (e)
**01.15 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.15 Get Smart**
**10.05 Marley & Me**
**12.05 Prince and Me II**
**14.00 Get Smart**
**16.00 Marley & Me**
**18.00 Prince and Me II**
**20.00 Angels & Demons**
**22.15 Fargo**
**00.00 Redbelt**
**02.00 Road Trip**
**04.00 Fargo**
**06.00 Drop Dead Sexy**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (17:175)
**10.15 Cold Case** (9:22)
**11.00 Glee** (8:22)
**11.45 Grey's Anatomy** (19:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (44:78)
**13.30 Gossip Girl** (17:22)
**14.20 Ghost Whisperer** (2:22)
**15.05 iCarly** (27:45)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (21:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (23:24)
**19.40 Modern Family** (19:24)
**20.05 Borgarilmur** (1:8) Nýir og skemmtilegir ferðaþættir þar sem leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir sækir heim átta vel valdar borgir sem allar eiga það sameiginlegt að vera mjög vinsælar á meðal Íslendinga þegar kemur að því að skella sér í helgarferð og leitast Ilmur við að veita betri innsýn í umræddar borgir.
**20.35 Hot In Cleveland** (6:10) Frábærir gamanþættir sem fjalla um þrjár vinkonur frá Los Angeles.
**21.00 Cougar Town** (6:22)
**21.25 Off the Map** (12:13)
**22.10 True Blood** (5:12)
**23.00 Sex and the City** (18:20)
**23.30 The Closer** (4:15)
**00.15 The Good Guys** (4:20)
**01.00 Sons of Anarchy** (4:13)
**01.45 Wilderness**
**03.15 The Last Time**
**04.50 Medium** (15:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin-meistaramörk**
**07.20 Meistaradeildin-meistaramörk**
**07.40 Meistaradeildin-meistaramörk**
**08.00 Meistaradeildin-meistaramörk**
**08.20 Meistaradeildin-meistaramörk**
**15.20 Pepsi-mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**16.30 Villarreal - Odense** Útsending frá leik í umspili Meistaradeildar Evrópu.
**18.15 Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**18.35 Udinese - Arsenal** Bein útsending frá leik í umspili Meistaradeildar Evrópu.
**20.45 Meistaradeildin - meistaramörk**
**22.50 Udinese - Arsenal** Útsending frá leik í umspili Meistaradeildar Evrópu.
**00.35 Meistaradeildin - meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Norwich - Stoke** Útsending frá leik Norwich City og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.
**18.20 Wolves - Fulham** Útsending frá leik Wolverhampton Wanderers og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.
**20.10 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.05 Eusebio** Magnaðir þættir þar sem fjallað er um marga af bestu knattspyrnumönnum heims frá upphafi. Að þessu sinni verður fjallað um Eusebio sem gerði garðinn frægan með Benfica.
**21.35 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.05 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufðir til mergjar.
**23.20 Arsenal - Liverpool** Útsending frá leik Arsenal og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (21:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Being Erica** (1:12) (e)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 How To Look Good Naked** (8:8) (e)
**19.00 Psych** (4:16) (e)
**19.45 Will & Grace** (1:24) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum sem segja frá Will sem er samkynhneigður lögfræðingur og Grace sem er gagnkynhneigður innanhússarkitekt.
**20.10 Top Chef** (14:15)
**21.00 Friday Night Lights** (1:13) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Þjálfarinn á í erfiðleikum með að ná upp sameiningarmætti í liðið sitt sem gæti reynst þeim dýrkeypt.
**21.50 The Bridge** (8:13)
**22.40 The Good Wife** (19:23) (e)
**23.25 Dexter** (7:12) (e)
**00.15 Law & Order: Los Angeles** (22:22) (e)
**01.00 Will & Grace** (1:24) (e)
**01.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Wyndham Championship** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Wyndham Championship** (2:4)
**15.50 Ryder Cup Official Film 2002**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (33:42)
**19.20 LPGA Highlights** (11:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (16:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (34:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (30:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (2:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.15 Gilmore Girls** (4:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Bones** (21:23)
**22.30 Come Fly With Me** (2:6) Frábær ný gamanþáttaröð með bresku háðfuglunum Matt Lucas og David Walliams úr Little Britain. Hér bregða þeir sér í yfir 50 gervi og gera grín að öllu því sem fram fer á alþjóðlegum flugvelli þar sem ýmsir furðufuglar skjóta upp kollinum.
**23.00 Entourage** (8:12)
**23.30 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir til að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.
**23.55 Gilmore Girls** (4:22)
**00.40 The Doctors** (2:175)
**01.20 Fréttir Stöðvar 2**
**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarnason** Ráðherrann fyrrverandi og gestir.
**20.30 Veiðisumarið** Aron, Bender og Leifur á veiðislóðum.
**21.00 Fiskikóngurinn** Kristján Berg elskar að elda fisk.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur Ólafsson.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

**Borgarilmur**



Leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir verður á ferð og flugi næstu vikurnar í nýjum og skemmtilegum ferðaþáttum. Í fyrsta þættinum heimsækir Ilmur tónlistarhöfuðborg Bandaríkjanna, Seattle, og kíkir í Geimnálina, syngur í hljómsveit, lærir að teikna, borðar súkkulaði og kynnir sér stórbrotna náttúrufegurð.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Í boði náttúrunnar **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hver myrti Móleró? **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.29** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Konungur slaghörpunnar: Franz Liszt **23.04** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**10.20** EastEnders **10.50** Keeping Up Appearances **11.20** Monarch of the Glen **12.10** Keeping Up Appearances **12.40** The Inspector Lynley Mysteries **13.30** The Inspector Lynley Mysteries **14.15** Deal or No Deal **14.50** Deal or No Deal **15.25** Deal or No Deal **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** ‚Allo ‚Allo! **17.00** ‚Allo ‚Allo! **17.25** New Tricks **18.15** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.20** Top Gear **23.10** Michael McIntyre's Comedy Roadshow

### DR 1

**12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Klassen 1. b **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Shanes verden **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Ved du hvem du er? **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Damages **20.40** Damages **21.25** Onsdags Lotto **21.30** Ved du hvem du er? **22.10** OBS **22.15** Våben til salg **23.15** EOF **04.00** Rasmus Klump **04.05** Chiro

### NRK 1

**12.00** Nyheter **12.05** Olje! **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** Nyheter **15.10** På veg til Malung **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Tilbake til 90-tallet **16.30** Muntre glimt fra Smil til the skjulte kamera **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Min bjørnefamilie **18.35** Glimt av Norge **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Valg 2011 **20.00** Mordene på Skärsö **21.00** Kveldsnytt **21.15** Afrikas ukjende historie **22.05** Klippen **23.00** På veg til Malung

### SVT 1

**10.10** Flugor **10.15** Intervju ur Gomorron Sverige **10.30** Allt för Martin **11.30** Tack för musiken **12.30** Rock school **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Chelsea Flower Show 2010 **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Kan musik rädda vår familj? **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **20.45** Molly **21.35** Damages **22.15** Rapport **22.20** PU-239 **23.55** Rapport **00.00** En andra chans **00.55** Rapport **01.00** Tillfällets hjältar **01.30** Svaleskär







## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér yfirleitt AB-mjólk með púðursykri og banana á morgnana.“*

Hjörtur Júlíus Hjartarson, markamaskína hjá ÍA og íþróttafréttamaður.

# Fimm íslensk merki á tískuvikuna í París

„Ég fer út með bjartsýnina að vopni og vonast til að næla mér í nokkra viðskiptavini,“ segir Rebekka Jónsdóttir fatahönnuður en hún fer nú í fyrsta sinn á tískuvikuna í París.

Rebekka hannar undir merkinu REY og hefur farið einu sinni á tískuvikuna í New York. „Þar fékk ég margoft að heyra að fatnaðurinn ætti frekar heima í París. Mér hefur verið sagt að kaupendur á tískuvikunni í París séu opnari fyrir nýjum merkjum og þori frekar að taka áhættu, þar sem þeir eru yfirleitt með meira á milli handanna,“ segir Rebekka, en leggur áherslu á hún sé með báða fætur á jörðinni í þessum efnum og veit að það tekur tíma að festa sig í sessi í alþjóðlega tískuheiminum.

Tískuvikan í París stendur frá 27. september til 5. október og er einn af stærstu tískuviðburðum í heiminum. Stærstu hönnuðir heims sýna þar sumarlínur sínar fyrir árið 2012. Auk Rey frá Rebekku eru það Kalda, Helicopter, Shadow Creatures og Eygló en flestar eru þær að freista gæfunnar í höfuðborg tískunnar í fyrsta sinn.

Það er í mörg horn að líta áður farið er á tískuviku og auk þess er Rebekka að taka á móti vetrarlínu sinni og koma henni upp í versluninni Kiosk. Þegar Fréttablaðið náði tali af Rebekku var hún stressuð þar sem einn framleiðenda hennar í Ítalíu var með eitthvert vesen. „Þetta er eins og sinfónía. Ef einn strengur slitnar fer allt að hljóma illa. En maður lærir af þessu og í þetta sinn ætla ég að vera með öll smáatriði á hreinu. Til dæmis ekki gleyma pöntunareyðublöðum eins og ég gerði í New York,“ segir Rebekka hlæjandi áður en hún heldur áfram að hnýta saman alla lausa enda fyrir ferðina. - áp





**Í MÖRG HORN AÐ LÍTA** Rebekka Jónsdóttir hannar undir merkinu REY og er á leiðinni á tískuvikuna í París í fyrsta sinn ásamt íslensku merkjunum Kalda, Eygló, Helicopter og Shadow Creatures. Flíkin til hliðar er úr nýrri vetrarlínu REY. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






VILTU VERÐA STÍLISTI?

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textíll. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu.
Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

| 1. Önn | 2. Önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|
| | | Innkaupastjóri |
| Fatastíll | Litgreining | Útlitsráðgjafi |
| Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Stílisti |
| Textill | Litasamsetning | Verslunarstjóri |

Erna, stílisti



Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tískuráðgjafi



Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textil, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is








DR. GUNNI: VAR FARINN AÐ BÚAST VIÐ ÞESSUM MÁLALOKUM

# Stórvirki Jónasar slær bók Dr. Gunna út af borðinu

„Ég var farinn að búast við þessum málalokum,“ segir tónlistar- og neytendafrömuðurinn Dr. Gunni.

Ákveðið hefur verið að fresta útgáfu bókar hans, sem bar vinnuheitið Stuð stuð stuð – Íslenskt popp og rokk 1950-2010, fram á næsta ár. Ástæðan er sú að útgefandinn, Tómas Hermannsson hjá Sögum útgáfu, hefur eytt miklum tíma í nýja bók Jónasar Kristjánssonar, Þúsund og ein þjóðleið, á kostnað bókar Dr. Gunna. Bók Jónasar, fyrrverandi ritstjóra DV, fjallar um reið- og gönguslóðir og segir hann að tuttugu ára vinna liggi að baki henni. „Ég veit að Tómas hefur lagt mikinn metnað í þessa bók mína. Þetta verður þyngsta bók ársins, fjögur kíló. Hún verður feiknarlega stór um sig,“ segir Jónas. Aðspurður segist hann hafa miklar mætur á Dr. Gunna en vill annars lítið tjá sig um frestun tónlistarbókar hans. „Ég hef unnið með honum og hann er hinn besti höfundur bóka og greina af ýmsu tagi. Bloggið hans er fínt og neytendamálaframtakið hans mjög gott.“

Gunni segist sjálfur vera búinn að skrifa handrit Stuð-bókarinnar. Tíminn sé aftur á móti ekki nægur til að ljúka við myndvinnslu bókarinnar og fleiri mál í tæka tíð fyrir jólabókaflóðið. „Það má segja að hann [Tómas] hafi spennt bogann of hátt. Hann var útkeyrður og uppgefinn þegar átti að keyra á bókina mína. Í staðinn fyrir að vera í geðveikri törn í einhverjar vikur sem myndi skila sér í fullt af villum og klúðri ætlum við að geyma hana fram á næsta ár.“

Að sögn Gunna mun bókin breytast og nýjum kafla verður bætt við hana. „Ég er að hugsa um að hafa þetta 100 ár og fara aftur til 1910 þegar fyrsta platan var gefin út,“ segir hann og notar tækifærið til að óska eftir fleiri myndum í bókina frá poppurum og öðrum tónlistaráhugamönnum. „Í staðinn fyrir að þetta verði frábær bók verður þetta geðveikislega frábær bók,“ segir hann og er hverg i af baki dottinn. freyr@frettabladid.is



**VÍKUR FYRIR JÓNASI** Ný bók Jónasar Kristjánssonar, Þúsund og ein þjóðleið, kemur út hjá Sögum útgáfu fyrir jólin en ekki bók Dr. Gunna um popp- og rokksögu Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ragnhildur hætt í Kastljósinu

„Það sem réði þessu voru bara önnur verkefni. Ég er meðal annars að fara að stjórna þessari danskeppni í nóvember,“ segir Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, en hún hefur yfirgefið Kastljós Ríkissjónvarpsins í bili. Þetta þýðir að Sigmar Guðmundsson er orðinn síðasti upprunalegi meðlimur Kastljóssins sem sett var saman 2007. Ragnhildur viðurkennir að hún kveðji Kastljósið með söknuði. „Þetta var mjög fínn skóli þar sem umfjöllunarefnin voru af öllum stærðum og gerðum.“

Ragnhildur frumsýnir í næstu viku nýja þætti sem hún hefur eytt öllu sumrinu í að taka upp og nefnast Ísfólkið. Þar ræðir hún við unga Íslendinga sem náð hafa langt á sínu sviði. Fyrsti gesturinn verður Þorvaldur Davíð Kristjánsson en sjónvarpskonan fór vestur um haf og fylgdist með útskrift leikarans úr leiklistardeild Juilliard-skólans í New York. Þá hefur myndbrot með Ragnhildi og Anitu Briem vakið mikla athygli en þar sést Hollywood-leikkonan fella tár. „Við vorum bara að ræða fjölskylduerfiðleika,“ útskýrir Ragnhildur.

Sjónvarpskonan, sem ætti að vera öllu vön, viðurkennir að hún sé eilítið stressuð vegna þáttanna, þeir hafi verið hugarfóstur hennar lengi og nú leggi hún svolítið sjálfa sig að veði. „Ef þetta er alveg glatað þá verður skuldinni skellt á mig. Ef Kastljósið var lélegt þá fékk Sigmar bara að finna fyrir því.“ - fgg



**STRESSUÐ** Ragnhildur Steinunn viðurkennir að hún sé stressuð yfir frumsýningu Ísfólksins.

©Disney

NÝ
MATREIÐSLUBÓK FRÁ
Disney

Disney

DISNEY KYNNIR NÝJA ÍSLENSKA MATREIÐSLUBÓK

# STÓRA DISNEY
# KÖKU- OG BRAUÐBÓKIN

## 90 UPPSKRIFTIR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA.

3-99 ára




**Nú er komin út Stóra Disney köku- og brauðbókin með gómsætum uppskriftum að hollu matarbrauði, bragðgóðum brauðréttum, ljúffengum múffum, klassískum kökum, litríkum tertum, svo ekki sé minnst á ævintýralegar afmælistertur.**

**Stóra Disney matreiðslubókin var metsölubók í fyrra og þessi verður það líka. Safnaðu öllum Disney matreiðslubókunum frá byrjun.**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Svikin um glimmerið



**Þorbjörg Marínósdóttir**, betur þekkt sem Tobba, þarf að fresta útgáfu bókar sinnar Lýtalaus um heila viku. Tobba varð fyrir miklu áfalli þegar kápan kom úr prentun í gær og það vantaði glimmeráferðina á kápuna. Lýtalaus er framhald á bókinni Makalaus og var Tobba búin að bjóða fjölda manns í útgáfuteiti á morgun. Ekkert verður af því að sinni en bókin kemur út fimmtudaginn 2. september með lýtalausri og glimmerþaktri kápu.

### Selur aleiguna



Ljósmyndarinn **Jóhannes Kjartansson** flytur af landi brott í lok mánaðarins og í tilefni af því heldur hann með aleiguna í Kolaportið um helgina. Að eigin sögn verður þar í boði „heilt fjall af fatnaði, heill hóll af húsbúnaði, heil brú af bókum, heil varða af veggmyndum, heil dyngja af DVD og heilt sæti af CD.“ Jóhannes og kærasta hans, Hildur Hermannsdóttir, hafa sett litríkan svip á miðbæ Reykjavíkur undanfarin ár en ætla nú að freista gæfunnar í Ósló. - áp

## Mest lesið | vísir

1. Tólf ára piltar seldu unglingum áfengi á Menningarnótt
2. LÍN stefnir hæstaréttardómara
3. Áttu von á fleiri umsóknum
4. Neitað um viðkvæm gögn um Jón Ásgeir
5. Flugdólgur hótaði að stinga flugstjórana
6. Skotárás á körfuboltaleik





